# FRÉTTABLAÐIÐ

124. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 27. MAÍ 2016



Föstudagsviðtalið

LEIÐIN TIL BESSASTAÐA

# Hafa öll verið í harkinu

**Sturla Jónsson, Halla Tómasdóttir og Guðni Th. Jóhannesson forsetaframbjóðendur sjá öll fyrir sér að Bessastaðir verði opnari almenningi.**

SÍÐA 10

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÚTSKRIFTARGJAFIR

Glæsilegt úrval á góðu verði

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 – sími 568 9955

LÍFRÆNT RAUÐRÓFUDUFT Í HYLKJUM




„Náði kólesterólinu niður á stuttum tíma.“
Jóhannes S. Ólafsson

100% íslensk ræktunarmold, lífrænn massi og Hekluvikur

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti




## Samfylkingin með helming kjörfylgis

**STJÓRNMÁL** „Það versta sem þú gerir í viðbrögðum við því að vera dottinn úr tísku er að fara í massíva vörn,“ segir Andrés Jónsson, almanntengill og flokksbundinn samfylkingarmaður, um stöðu Samfylkingarinnar.

Flokkurinn mælist með rúmlega 6 prósenta fylgi í nýrri könnun Fréttablaðsins. Það er helmingi minna fylgi en flokkurinn var með í síðustu þingkosningum. Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar eru stærstu flokkarnir. Tæp 32 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn en tæp 29 prósent Pírata.

Fylgi við forsetaframbjóðendur var líka mælt í könnuninni. Tæplega tveir af hverjum þremur, 65,5%, styðja Guðna Th. Jóhannesson. Næstur honum kemur Davíð Oddsson með19,7 prósent. **– jhh / sjá síðu 4**

**Fylgi flokka** 23.–24. maí




## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um Seinfeld-áhrifin. 24

**SPORT** Gylfi Þór hugsar daglega um EM í Frakklandi. 16

**MENNING** Sýna innfæddum Akureyringum aðra mynd en þeim er kunnust. 24-26

**LÍFIÐ** Maggi Leifs leikstýrir óvenjulegum og eftirminnilegum tónlistarmyndböndum. 34

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Stjörnuspá Siggu Kling

SÍÐA 32



## Veður




Allhvöss sunnanátt og rigning á vestanverðu landinu í dag, en hægari og þurrt fyrir austan. Hlýtt í veðri, einkum fyrir austan. SJÁ SÍÐU 20



**Yfirvinnubann flugumferðarstjóra hefur staðið frá 6. apríl.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Enn raskast flugumferð í Keflavík

**KJARAMÁL** Röskun varð á millilandaflugi í morgun og í nótt annan daginn í röð vegna yfirvinnubanns flugumferðarstjóra. Þjónusta á Keflavíkurflugvelli var takmörkuð við sjúkra- og neyðarflug frá tvö í nótt til sjö í morgun.

„Ástæðan er að tveir flugumferðarstjórar sem áttu að vera á vaktinni í nótt eru veikir og vegna yfirvinnubannsins fást ekki flugumferðarstjórar til afleysinga," segir á vef Isavia. Á tímabilinu áttu samkvæmt áætlun að koma hingað 16 flugvélar frá Norður-Ameríku og 8 að leggja upp til Evrópu. Þær komur og brottfarir frestast fram á morguninn í dag.

Kjaraviðræður Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) og Samtaka atvinnulífsins (SA) fyrir hönd Isavia hafa staðið yfir frá því í nóvember, en deilunni hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Síðast var fundað í deilunni 20. maí, en ekki hefur verið boðað til næsta fundar. Lögum samkvæmt verður hann þó að eiga sér stað fyrir lok næstu viku. Ekki má líða lengra en tvær vikur milli funda. Yfirvinnubann flugumferðarstjóra hefur staðið yfir frá 6. apríl og 18. þessa mánaðar staðfesti Félagsdómur lögmæti þjálfunarbanns sem FÍF boðaði. **– óká**

## Bannað að gefa öndunum



**Þessar konur og börnin tvö skemmtu sér konunglega við að gefa öndunum brauð við Reykjavíkurtjörn þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Reykjavíkurborg hefur gefið út þau tilmæli að öndunum verði ekki gefið brauð á milli 15. maí og 15. ágúst í ár til að vernda ungana sem eru að komast á legg. Eins og sést verða mávarnir sérstaklega frekir og aðgangsharðir þegar vegfarendur gauka brauðmola að öndunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Brynhildur hættir í haust

**ALÞINGI** Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar, mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi þingsetu á næsta kjörtímabili.

„Ég mun ekki gefa kost á mér aftur og finnst þessi tími vera orðinn góður," segir Brynhildur sem hefur aðeins setið á þingi í þrjú ár. „Þessi tími hefur verið mjög lærdómsríkur og ég sé ekki eftir neinu á þingi. Nú hlakka ég hins vegar til að vera meira heima hjá mér og hætta að búa á tveimur stöðum og vera fjarri heimili í langan tíma í einu."

Brynhildur var kjörin á þing í síðustu kosningum fyrir Bjarta framtíð í Norðausturkjördæmi. **– sa**



Brynhildur Pétursdóttir, Bjartri framtíð

# Leikstjóri vill viðhalda draumi mömmu sinnar

Óskað er leyfis Reykjavíkurborgar til að skipta lóðinni á Laufásvegi 22 í tvennt svo aðskilja megi húseignir leikarahjónanna sem þar áttu heimili og vinnustofu. Benedikt Erlingsson segir það leið til að uppfylla draum móður sinnar heitinnar.

**SKIPULAGSMÁL** „Ég bíð spenntur eftir svörum embættismannanna og fagfólksins, hvort þetta sé mögulegt," segir Benedikt Erlingsson leikstjóri sem óskar eftir heimild til að skipta húseignum foreldra sinna heitinna í tvo hluta.

Bræðurnir Benedikt og Friðrik Erlingssynir eru erfingjar húsanna á Laufásvegi 22 sem leikarahjónin Erlingur Gíslason og Brynja Benediktsdóttir heitin létu eftir sig. Um er að ræða 252 fermetra einbýlishús og 227 fermetra vinnustofu. Benedikt segir í bréfi til borgaryfirvalda að þeir bræður þurfi að selja eignina en ef fallist verði á að skipta lóðinni í tvennt opnist fyrir hann sá möguleiki að taka vinnustofuna, sem nefnt er Skemmtihúsið, sem sinn arfshluta.

„Ég ræð ekki við það einn að taka þetta allt," segir Benedikt sem vill fá leyfi til að vera með íbúð á neðri hæð vinnustofunnar.

„Ég vildi láta gamlan draum móður minnar um skemmtihúsið rætast þannig að ég gæti verið þarna með vinnustofu listamanns. Konan mín, Charlotte, gæti verið með námskeið og ég ímynda mér að vera þarna með vinnustofu og aðstöðu sem kvikmyndaskáld og leikstjóri og leikari," útskýrir Benedikt.

Lagt er til í beiðni Benedikts að lóðinni verði einfaldlega skipt eftir miðri verönd sem tengir húsin tvö. Hann segir að þótt enginn hafi enn óskað eftir kaupum á eigninni – enda sé hún ekki komin á sölu – verði það sjálfsagt helst fjársterkir aðilar á borð við gistiheimili, fasteignafélög eða fjárfestingafélög sem falist eftir íbúðarhúsinu.

„Þannig að í pólitík borgarinnar gæti þetta þjónað þeim hagsmunum að það yrði fjölbreyttari byggð í miðbænum," bendir Benedikt á sem jákvæða hliðarverkun þess að hann fái ósk sína uppfyllta. „Ég er að bíða eftir svörum, það geta ekki farið fram skipti milli okkar bræðra fyrr en þetta kemst á hreint."

Eins og er hafa meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar aðstöðu í Skemmtihúsinu. Benedikt segir það ekki hugmyndina að vera þar með reglulegt sýningarhald gangi áætlun hans eftir. „Við ætlum ekki að vera með einhvern massívan leikhúsrekstur." **gar@frettabladid.is**



**Brynja Benediktsdóttir lést árið 2008 og eiginmaður hennar Erlingur Gíslason fyrr á þessu ári. Saman létu þau eftir sig miklar húseignir á Laufásvegi 22.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Í pólitík borgarinnar gæti þetta þjónað þeim hagsmunum að það yrði fjölbreyttari byggð í miðbænum.



Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára
LANDMANN gasgrill 3ja brennara




VERÐ ÁÐUR 98.900
AFMÆLISTILBOÐ
79.900

- Afl 10,5 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Postulínsemalerað efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Vönduð yfirbreiðsla fylgir

grillbudin.is
LANDMANN 50 ÁRA
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400




# PLUG-IN HYBRID sýning á morgun

## Bensín og rafmagn sameina kraftana

Með PLUG-IN HYBRID tengiltvinntækninni sameinast umhverfismild sparneytni hleðslurafbílsins og kraftur bensínvélarinnar á tæknilega fullkominn hátt.

Nú þegar eru fjórar gerðir Mercedes-Benz bíla í boði í PLUG-IN HYBRID útfærslum: **GLE, GLC, C-Class** og **S-Class**. Í lok árs 2017 verða tíu gerðir fáanlegar PLUG-IN HYBRID.

Komdu í Öskju á morgun, laugardaginn 28. maí, kl. 12–16 og skoðaðu PLUG-IN HYBRID línuna frá Mercedes-Benz. Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

## Þróun fylgis á kjörtímabilinu

### Svona skiptist fylgið milli flokka




### Heildarskipting þingsæta

Könnun 23. og 24. maí 2016

Yrði þetta niðurstaðan væri kostur á þrenns konar tveggja flokka ríkisstjórnum.




### Skipting þingsæta eftir kjördæmum




# Fylgi Samfylkingarinnar að gufa upp

**Rúm sex prósent myndu kjósa Samfylkinguna ef kosið væri nú. Af öllum flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi mælist einungis Björt framtíð með minna fylgi. Þrefalt fleiri myndu kjósa VG en Samfylkinguna. Stærstu flokkarnir eru Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



**STJÓRNMÁL** Samfylkingin hefur 6,1 prósent fylgi í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Einungis Björt framtíð hefur minna fylgi, en 2,5 prósent segjast myndu kjósa þann flokk ef kosið yrði til Alþingis nú. Þá segja 7,3 prósent svarenda að þau myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Ekki er marktækur munur á fylgi samfylkingarmanna og framsóknarmanna.

Rúm átján prósent svarenda segja að þau myndu kjósa VG. Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar eru stærstu flokkarnir. Tæp 32 prósent segja að þau myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn en tæp 29 prósent að þau myndu kjósa Pírata. Munurinn á fylgi flokkanna er ekki tölfræðilega marktækur.

Yrðu þetta niðurstöðurnar má ætla að Sjálfstæðisflokkurinn fengi flesta þingmenn, eða 22, Píratar fengju 20, VG fengi tólf þingmenn, Framsóknarflokkurinn fimm og Samfylkingin fjóra. Möguleiki væri á þremur útgáfum af tveggja flokka ríkisstjórnum. Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar gætu myndað 42 manna meirihluta. Hvor flokkur um sig gæti svo líka myndað meirihluta með VG en tveggja flokka meirihluti með þátttöku VG yrði afar naumur meirihluti.

Formannsskipti eru í vændum hjá Samfylkingunni. Rafræn formannskosning hefst í flokknum á hádegi á morgun og stendur til 3. júní. Fjórir eru í framboði, en það eru þau Helgi Hjörvar alþingismaður, Oddný G. Harðardóttir alþingismaður, Magnús Orri Schram, ráðgjafi og varaþingmaður Samfylkingarinnar, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi. Árni Páll Árnason, núverandi formaður, er ekki í framboði.

Alls óvíst er hvaða áhrif formannsskiptin kunna að hafa á fylgi Samfylkingarinnar. Ný forysta tók við hjá Bjartri framtíð í september síðastliðnum, eftir slaka niðurstöðu í skoðanakönnunum. Rúmu hálfu ári seinna sjást engin merki breytinga á fylgi flokksins. Nýr formaður Samfylkingarinnar þarf því að hafa skýr svör við því hvað hann vill gera til þess að bæta hlut flokksins.

Andrés Jónsson, almannatengill og flokksmaður í Samfylkingunni, sér ákveðna samlíkingu milli Samfylkingarinnar og þjóðkirkjunnar. Bæði hafi verið í langri hnignun og Samfylkingin geti lært af mistökum sem gerð hafi verið.

„Það versta sem þú gerir í viðbrögðum við því að vera dottinn úr tísku er að fara í massíva vörn. Svona eins og biskupinn gerði þegar hún sagði að hver forseti Íslands yrði að vera í þjóðkirkjunni. Svipað hefur nefnilega gerst með Íslendinga og andleg málefni og Íslendinga og stjórnmálaskoðanir að við erum hvorki jafn kirkjurækin né jafn flokksholl og áður,“ segir Andrés.

Hann segir lausnina ekki vera þá að neita að horfast í augu við breyttan veruleika.




# Tveir af þremur myndu kjósa Guðna

FORSETAKOSNINGAR 2016

**STJÓRNMÁL** Nær tveir af hverjum þremur, eða 65,5% þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, myndu kjósa Guðna Th. Jóhannesson í embætti forseta ef kosið væri nú.

Þá segja 19,7 prósent að þau myndu kjósa Davíð Oddsson, 7,9 prósent að þau myndu kjósa Andra Snæ Magnason og 2,5 prósent að þau myndu kjósa Höllu Tómasdóttur. Loks segja 1,7 prósent að þau myndu kjósa Sturlu Jónsson. Aðrir frambjóðendur til forseta Íslands eru með undir 1 prósents fylgi.

Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var gerð dagana 23. og 24. maí. Hringt var í 1.080 manns þar til náðist í 800 manns og var svarhlutfallið 74,1 prósent.

Alls tóku 67 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. **– jhh**



### Fylgi forsetaframbjóðenda



# RISA TAX FREE DAGAR

## ALLUR FATNAÐUR, ALLIR SKÓR, ALLAR SNYRTIVÖRUR, ÖLL LEIKFÖNG, ÖLL HJÓL, ALLAR HEIMILISVÖRUR...

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 27.-29. MAÍ

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af Weber grillum

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Heimsókn Obama mótmælt




Opinber heimsókn Bandaríkjaforseta til Hiroshima hefur mætt mikilli andstöðu víða um heim. Obama er staddur í Japan á fundi G7-ríkjanna og er um leið fyrsti forseti Bandaríkjanna til að heimsækja Hiroshima síðan Bandaríkin vörpuðu kjarnorkusprengju á borgirnar Hiroshima og Nagasaki árið 1945. Ríflega hundrað þúsund óbreyttir borgarar létust í árásinni á Hiroshima og allt að áttatíu þúsund í Nagasaki. Hvíta húsið hefur gefið út að Obama muni ekki biðjast afsökunar á árásinni í heimsókninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Engin íslenskukennsla fyrir erlent starfsfólk

**Skorið hefur verið niður í stuðningi við starfsfólk með erlent ríkisfang á Landspítalanum. Því hefur fækkað um nær helming frá 2008 vegna útvistunar starfa. Ekki vitað hversu margir erlendir starfsmenn eru verktakar á Landspítalanum.**

**SAMFÉLAG** Starfsmenn með erlent ríkisfang eru 182 á Landspítalanum. Þeim hefur fækkað mikið frá árinu 2008 þegar 350 starfsmenn voru með erlent ríkisfang, eða um nærri því helming. Ástæðan er sú að fleiri störf hafa verið boðin út á Landspítalanum, meðal annars í ræstingum.

„Þessi fækkun er vegna þeirra útboða sem farið var í vegna verktöku í ræstingum og matsal,“ segir Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítalans.

Flestir þeirra starfsmanna sem eru með erlent ríkisfang starfa á rekstrarsviði spítalans í störfum sem ekki krefjast starfsmenntunar. „Þó er starfsfólk af erlendum uppruna að finna alls staðar á spítalanum, líka í faglærðum störfum, til dæmis lækna, geislafræðinga og hjúkrunarfræðinga,“ segir Ásta.

Alls starfa á Landspítala um 5.000 starfsmenn í um 3.800 stöðugildum. Hlutfall starfsmanna í starfi við Landspítala með erlent ríkisfang er því tæp 4%. Ásta telur líklegt að erlendir starfsmenn sem starfa í verktöku við Landspítalann séu margir en nærri því öll stærstu ræstingarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sinna ræstingum þar. Fjöldinn er þó ókunnur.

Starfsmennirnir 182 sem eru í föstu starfi á Landspítala eru af 36 þjóðernum. Flestir með erlent ríkisfang eru frá Póllandi eða 62 starfsmenn, þá Danir sem eru 21 talsins og Filippseyingar sem eru 15 talsins.

Ásta segir stuðning við erlenda starfsmenn ekki nægilega góðan. Eftir efnahagshrun hafi verið skorið niður í íslenskukennslu og stuðningi við erlenda starfsmenn. „Þetta er því miður ekki í góðum farvegi. Það þyrfti að vera íslenskunámskeið í boði innanhúss. Slíkt námskeið var eitt af því sem varð fyrir niðurskurði.“

Ásta bendir á að þeir sem séu í framlínu í umönnun sjúklinga verði að kunna íslensku. „Ef við viljum að fólk bæti við sig íslenskukunnáttu þá er best að slík kennsla sé í boði á vinnustaðnum. Fram undan er þensla og líklegt að erlendu starfsfólki fjölgi aftur, það er ábyrgðarhluti að taka vel á móti fólki og laga að samfélaginu. Við verðum að gera kröfu um það,“ segir Ásta. kristjanabjorg@frettabladid.is

**182**

**starfsmenn eru af erlendum uppruna, af 36 þjóðernum.**

> **Fram undan er þensla og líklegt að erlendu starfsfólki fjölgi aftur, það er ábyrgðarhluti að taka vel á móti fólki og laga að samfélaginu. Við verðum að gera kröfu um það.**



Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs á Landspítala





Sikiley kemur á óvart með áhugaverða blöndu af öllu því helsta sem ferðamenn óska sér. Samfelld 3000 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi – allt þetta og miklu meira finnur þú á Sikiley. Heimsferðir bjóða beint leiguflug til Sikileyjar 10. október á yndislegum tíma. Hitastigið er ennþá notalegt og hentar bæði til sólbaða og fyrir þá sem vilja verja tímanum til að skoða þessar stórbrotnu eyju.
Flogið er til Palermo og dvalið á Fiesta Garden Beach hótelinu á Campofelice di Roccella ströndinni í 5 nætur, þá er haldið til austurstrandarinnar og dvalið á Naxos Beach Hotel á ströndinni í bænum Giardini Naxos í 5 nætur.

**Frá kr. 199.900**
**m/hálft fæði innifalið og drykkjum m/kvöldverði**
Netverð á mann frá kr. 199.900 m.v. 2 í herbergi. Innifalið er hálft fæði ásamt ¼ vínflaska og ½ vatnsflösku með kvöldverði.




Gönguferð til Vindeyja – Le Isole Eolie – hins ævintýralega eldfjallaeyjaklasa norður af Sikiley. Í ferðinni verður farið í valdar dagsgöngur eftir ægifögrum göngustígum á milli litskrúðugra þorpa, gróðursællra unaðslunda og fjallstinda með óviðjafnanlegu útsýni yfir nokkrar af rómuðustu náttúruperlum Suður-Ítalíu. Meðal annars verður gengið á eldfjöllin á eyjunum Vulcano og Stromboli, þar sem látlaus eldvirknin hefur réttilega fært þeim viðurnefnið „Viti Miðjarðarhafsins“. Í ferðinni kynnumst við einstakri menningu Sikileyinga er rekja má allt aftur til forsögulegs tíma, í gegnum hámenningu fornaldarinnar hjá Grikkjum og Rómverjum, til yfirtöku Mára, Normanna og Spánverja á seinni öldum. Við kynnumst ómótstæðilegu mannlífi og ósnortinni náttúru, þar sem tækifæri gefst til að njóta sérstakrar matarmenningar og gestrisni sem á sér engan sinn líkan í veröldinni.

**Frá kr. 239.900**
**m/morgunverði o.fl.**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunverði alla morgna og 5 kvöldverðum.

ENNEMM / SIA • NM74084 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 7.190.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM75250

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Mótmælt á götum úti í helstu borgum

Olíu- og bensínskortur blasir nú við í Frakklandi vegna mótmæla gegn umdeildri vinnulöggjöf. Einungis hálfur mánuður þar til Evrópumeistaramótið í fótbolta hefst í landinu. Öflugt verkalýðsfélag hefur stöðvað starfsemi í sex af átta olíuhreinsistöðvum landsins.

**FRAKKLAND** Mótmælin í Frakklandi gegn umdeildri vinnulöggjöf magnast nú dag frá degi. Í gær mætti fjöldi fólks út á götur í helstu borgum landsins. Kjarnorkuver, olíuhreinsunarstöðvar og samgönguæðar hafa lamast.

Óeirðir hafa brotist út í tengslum við mótmælin, sem þó hafa verið friðsamleg að flestu öðru leyti. Í gær höfu tugir manna, sem höfðu tekið þátt í mótmælum í París, að fara um hliðargötur og brjóta þar rúður í bifreiðum og verslunum.

Fyrirhugaðar breytingar á vinnulöggjöf landsins eru gagnrýndar fyrir að snúast einkum um það að auðvelda fyrirtækjum að ráða og reka fólk. Þau fá einnig meira svigrúm til þess að lækka laun og semja um vinnutíma og frídaga.

Manuel Valls forsætisráðherra og François Hollande forseti hafa ekki látið mótmælin hagga sér, fyrr en í gær þegar Valls sagði að vísu ekki

> Þriðjungur af bensínstöðvum landsins er að tæmast.

koma til greina að hætta við lagabreytingarnar, en hins vegar mætti skoða að breyta þeim eitthvað. Þeir segja breytingarnar nauðsynlegar til þess að draga úr atvinnuleysi, sem mælist ríflega tíu prósent. Meðal ungmenna er atvinnuleysið mun meira, eða nærri 25 prósent.

Einungis hálfur mánuður er þangað til Evrópumeistaramótið í fótbolta hefst í Frakklandi, og telja margir að frönsk stjórnvöld vilji helst að mótmælunum verði lokið áður en mótið hefst. Þetta kunni að eiga þátt í því að ráðamenn séu að verða eftirgefanlegri en áður.

Mótmælin hófust fyrir um þremur mánuðum. Stéttarfélagið CGT, sem er eitt öflugasta verkalýðsfélag Frakklands með meira en 700 þúsund félagsmenn, hefur verið í forystu mótmælanna. Fleiri verkalýðsfélög hafa stutt aðgerðirnar.

Starfsfólk í 16 af 19 kjarnorkuverum landsins hefur samþykkt að fara í verkfall. Þá hafa sex af átta olíuhreinsunarstöðvum landsins lamast vegna aðgerða. Biðraðir hafa myndast á bensínstöðvum vegna yfirvofandi eldsneytisskorts, sem þegar er byrjaður að gera vart við sig. Þriðjungur af bensínstöðvum landsins er að tæmast. Eldsneytisvarabirgðir ríkisins eru taldar endast í nokkra mánuði, en nýtast ekki almenningi.

Flugsamgöngur hafa raskast og lestarsamgöngur sömuleiðis.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Til átaka kom milli lögreglu og mótmælenda í Bordeaux í gær.** NORDICPHOTOS/AFP


DAVÍÐ ODDSSON 2016

TIL FUNDAR VIÐ FÓLKIÐ

Kaffispjall með Davíð Oddssyni

- **Hella**
  – laugardaginn **28. maí kl. 13** á Hotel Stracta
- **Vík**
  – laugardaginn **28. maí kl. 17** á Icelandair Hotel
- **Egilsstaðir**
  – mánudaginn **30. maí kl. 12**, súpufundur á Hótel Valaskjálf
- **Seyðisfjörður**
  – mánudaginn **30. maí kl. 20** í gamla bíósalnum
- **Reyðarfjörður**
  – þriðjudaginn **31. maí kl. 20** í Grunnskóla Reyðarfjarðar
- **Höfn í Hornafirði**
  – miðvikudaginn **1. júní kl. 17** í Nýheimum þekkingarsetri

**Fundir á Vestfjörðum, Vesturlandi og víðar verða auglýstir á næstu dögum**

facebook.com/davidsemforseta
instagram.com/david.oddsson
xdavid.is

STUÐNINGSMENN


## Svikin loforð Lýsis

**ÞORLÁKSHÖFN** Lýsi hf. hefur sótt um endurnýjun á starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Suðurlands vegna fiskþurrkunar á Unubakka í Þorlákshöfn til fjögurra ára með endurskoðunarákvæði eftir tvö ár.

Núverandi starfsleyfi var upphaflega gefið út árið 2008 til tólf ára. Sú leyfisveiting var kærð af íbúum og fyrrverandi bæjarstjórn til umhverfisráðuneytisins. Ráðuneytið úrskurðaði að starfsleyfið yrði einungis til átta ára og það rennur út 6. júní næstkomandi eða eftir tæpar tvær vikur.

Stöð 2 greindi frá þreytu íbúa gagnvart lyktarmenguninni síðasta sumar og heimsótti heimili fólks sem var viðþolslaust vegna lyktarmengunar. Nokkru síðar boðaði Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, breytingar og sagði fáa varanlega kosti eftir aðra en að flytja starfsemina út fyrir bæinn.

Nú hefur fyrirtækið hins vegar sótt um endurnýjun á starfsleyfi á sama stað í Þorlákshöfn og íbúar mótmæla nú eins og áður og safna undirskriftum gegn Lýsi. Katrín segir áform um flutning starfsemi óbreytt.

> Því teljum við það óábyrgt að hefja framkvæmdir við nýja verksmiðju fyrr en staða mála í Nígeríu skýrist.
>
> Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis



„Óvissuástand er á mörkuðum í Nígeríu og því teljum við það óábyrgt að hefja framkvæmdir við nýja verksmiðju fyrr en staða mála í Nígeríu skýrist,“ segir hún. **– kbg**



**Dimmitering í Kvennó í hitteðfyrra. Skólinn er einn af sjö sem fengið hafa sérstakt framlag til að mæta rekstrarvanda.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Fá 100 milljónir króna upp í 257 milljóna halla

**MENNTAMÁL** Sjö framhaldsskólar sem átt hafa í greiðsluerfiðleikum hafa fengið greidd framlög sem ætlað er að mæta vandanum, að því er fram kemur í tilkynningu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Framlögin eru sögð taka mið af rekstraráætlun skólanna og vera greidd út þrátt fyrir uppsafnaða skuld við ríkissjóð. „Framlögin nema alls tæpum 100 milljónum króna og voru ákveðin eftir að fjármála- og efnahagsráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið höfðu farið yfir stöðu skóla sem glíma við greiðsluvanda,“ segir í umfjöllun á vef ráðuneytisins.

Skólarnir sem um er að ræða eru Menntaskólinn á Akureyri, Kvennaskólinn í Reykjavík, Flensborgarskóli, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautaskóli Snæfellinga. „Samanlagður rekstrarhalli þessara skóla nam 257 milljónum króna um síðustu áramót.“ **– óká**

# JEPPA ÚTSALA

**Kauptu notaðan jeppa fyrir sumarið**

**Staðfestu kaup fyrir 31. maí 2016 og þú færð dráttarkrók í kaupbæti**

**Komdu núna**







~~Verð: 3.890.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.490.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** GBD01
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur. Ekinn 101.000 km.

~~Verð: 3.950.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.590.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** UYF23
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur. Ekinn 101.000 km.

~~Verð: 4.190.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.690.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** OEB80
Skráður desember 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur. Ekinn 109.000 km.

~~Verð: 6.690.000 kr.~~
**Útsöluverð: 6.250.000 kr.**
**Ford Explorer Limited** PRK57
Skráður september 2011, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 71.500 km.










~~Verð: 8.490.000 kr.~~
**Útsöluverð: 7.790.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 130.000 km.

~~Verð: 3.290.000 kr.~~
**Útsöluverð: 2.690.000 kr.**
**Volkswagen Touareg** MY231
Skráður apríl 2007, 4,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 149.000 km.

~~Verð: 1.390.000 kr.~~
**Útsöluverð: 1.290.000 kr.**
**Mitsubishi Outlander Intense+** YBK28
Skráður október 2007, 2,0 Di dísil, beinskiptur.
Ekinn 230.000 km.










~~Verð: 4.950.000 kr.~~
**Útsöluverð: 4.350.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision** JUZ55 (Ath. lakkskemmdir)
Skráður febrúar 2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 80.000 km. Í ábyrgð.

~~Verð: 3.990.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.690.000 kr.**
**Nissan Qashqai SE** VTV81
Skráður maí 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 77.000 km.

~~Verð: 4.690.000 kr.~~
**Útsöluverð: 4.390.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision** AMY44
Skráður mars 2015, 2,0 SKYACTIV bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 62.000 km. Í ábyrgð.










~~Verð: 7.190.000 kr.~~
**Útsöluverð: 6.690.000 kr.**
**Hyundai Santa Fe II Premium** BOL38
Skráður apríl 2014, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 43.000 km.

~~Verð: 4.790.000 kr.~~
**Útsöluverð: 4.390.000 kr.**
**Toyota Rav4 GX AWD** YIH85
Skráður apríl 2013, 2,2Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 72.000 km.

~~Verð: 4.250.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.860.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** KYY44
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 82.000 km.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**
*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Saltið í grautinn ekki sjálfsagður hlutur

Fyrstu þrír forsetaframbjóðendurnir sem kynntir eru til leiks í föstudagsviðtali Fréttablaðsins eiga það sameiginlegt að hafa þurft á einhverju tímabili ævi sinnar að leggja hart að sér til að ná endum saman. Þau vilja líka öll þrjú setja siðareglur um embætti forsetans.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Halla Tómasdóttir, Guðni Th. Jóhannesson og Sturla Jónsson mættust í föstudagsviðtali Fréttablaðsins á Bylgjunni og kynntu sig og baráttumál sín í framboði til embættis forseta Íslands.

Halla greindi frá því hversu hart hún lagði að sér við að komast í nám til Bandaríkjanna. Hún kom sér að ytra sem framkvæmdastjóri bandarísks fótboltaliðs til þess að eiga fyrir salti í grautinn.

Guðni greindi frá atvinnumissi sínum og eiginkonu sinnar eftir efnahagshrunið og hvernig fjölskyldunni tókst að komast á réttan kjöl. Sturla, sem missti reksturinn á sama tíma í hruninu, þurfti að flytjast til Noregs til að afla fjölskyldunni lífsviðurværis. Frambjóðendurnir eiga það sameiginlegt að vilja að Íslendingar hafi meira vægi og styðja beint lýðræði.

Viðtalið í heild sinni má nálgast á visir.is og því verður útvarpað á Bylgjunni á sunnudagsmorgun. Þar kemur meðal annars fram hvaða þjóðarleiðtoga frambjóðendurna langar helst að hitta og hvernig þau sjá fyrir sér sparnað á Bessastöðum ef þau hljóta kjör í embætti forseta.

**1. Hvaða hagsmunatengsl hefur þú eða þín fjölskylda við stjórnmál eða viðskiptalíf?**

**STURLA JÓNSSON** Engin.

**HALLA TÓMASDÓTTIR** Við höfum engin hagsmunatengsl við stjórnmál. Við hjónin eigum lítinn hlut í Festi, móðurfélagi Nóatúns. Ég hef setið í stjórn Veritas í rúman áratug sem óháður stjórnarmaður.

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Engin.

**2. Hversu margir starfsmenn vinna við framboð þitt?**

**STURLA JÓNSSON** Við erum þrír.

**HALLA TÓMASDÓTTIR** Tveir starfa formlega en tugir sjálfboðaliða leggja lið.

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Ég kem ekki tölu á þann fjölda sjálfboðaliða sem vinnur við framboðið. Þeim stýrir þriggja manna framkvæmdastjórn. Auk þeirra mætti nefna nokkra tugi vina og stuðningsmanna sem koma að framboðinu dag hvern eftir því sem aðrar annir leyfa.

**3. Styður þú breytingar á stjórnarskrá? Hvort styður þú frekar tillögur stjórnlagaráðs eða stjórnarskrárnefndar um breytta stjórnarskrá?**

**STURLA JÓNSSON** Ég vil að það sé fyrst og fremst farið eftir stjórnarskránni. En ég styð líka að það verði gerðar nauðsynlegar breytingar á henni.

**HALLA TÓMASDÓTTIR** Ég tel endurbætur á stjórnarskránni tímabærar. Um stjórnarskrá þarf að ríkja víðtæk sátt og því tel ég ráðlegast að gera breytingar í tveimur skrefum: ná sátt um ný, brýn, en umdeild ákvæði um þjóðareign auðlinda, vernd og nýtingu náttúrunnar, beint lýðræði og jöfnun atkvæðisréttar, forsetaembættið, og starfshætti þings og valdstjórnar. Síðan þarf að færa texta stjórnarskrárinnar í heild til nútímans og skerpa á því sem óljóst hefur verið talið.

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Stjórnarskrá Íslands hefur verið í stöðugri þróun og verður svo áfram. Á Íslandi liggur valdið til að breyta stjórnarskrá hjá þjóðinni og þeim fulltrúum sem hún kýs á Alþingi. Mér líst vel á ýmislegt í tillögum stjórnlagaráðs og stjórnarskrárnefndar, einkum ákvæði um rétt tilskilins fjölda kjósenda til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem þingið hefur samþykkt. Sömuleiðis tek ég undir þær skoðanir sem hafa heyrst allt frá lýðveldisstofnun að skýra þurfi betur í stjórnarskrá völd og verksvið forseta Íslands.

**4. Ertu femínisti?**

**STURLA JÓNSSON** Ég veit það ekki, ég veit ekki hvað það þýðir, ég veit bara að það eiga allir að vera jafnir.

**HALLA TÓMASDÓTTIR** Já, ég vil jafnrétti fyrir alla. Aldur, kyn, uppruni, búseta og fjárhagsleg staða mega ekki ráða tækifærum fólks í okkar samfélagi.

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Já. Jafnrétti kynjanna er bundið í lög. Ennþá þurfum við samt að glíma við kynbundinn launamun og annað misrétti. Bætum úr því, verum öll femínistar.

**5. Hvort skilgreinir þú þig til hægri eða vinstri á pólitíska ásnum?**

**STURLA JÓNSSON** Ég vil ekki skilgreina mig út frá neinu öðru en réttlæti.

**HALLA TÓMASDÓTTIR** Hægri og vinstri eru úreltar skilgreiningar. Ég vil öflugt menntakerfi, heilbrigðis- og velferðarkerfi fyrir alla, óháð fjárhagslegri stöðu. Ég vil skýrar leikreglur sem veita einstaklingum og fyrirtækjum athafnafrelsi innan ramma. Slíkt athafnafrelsi og sköpunargleði eru forsenda framfara. Viðskiptalífið setji sér víðari markmið en fjárhagslegan arð og hugi að áhrifum sínum á samfélag og umhverfi.

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Ég hef aldrei verið skráður í stjórnmálaflokk en kann að meta ýmislegt í stefnu ólíkra stjórnmálaflokka, til dæmis áherslu á velferðarkerfi, samvinnuhugsjónir og einstaklingsfrelsi. Hugtökin hægri og vinstri útskýra ekki eins vel og áður sjónarmið fólks í stjórnmálum. Kalda stríðinu er lokið.

**6. Vilt þú að settar verði siðareglur fyrir forsetaembættið? Hvað væri mikilvægasta atriði þeirra?**

**STURLA JÓNSSON** Hann á ekki að ferðast með forstjórum einkafyrirtækja.

**HALLA TÓMASDÓTTIR** Já, og ég tel að gagnsæi um störf embættisins skipti miklu.

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Já. Í siðareglum embættisins ætti meðal annars að standa að forseti verði að vera öllum óháður. Siðareglurnar ættu í raun að vera með svipuðu sniði og siðareglur ráðherra og alþingismanna.

**visir.is** Viðtalið í heild sinni við Höllu, Guðna og Sturlu er aðgengilegt á visir.is

## 3 um þrennt

HVAÐA ORÐ KEMUR FYRST UPP Í HUGANN ÞEGAR ÞÚ HEYRIR EFTIRFARANDI HUGTÖK?

- Ást
- Trú
- Samfélag

### Sturla Jónsson



- Konan, traust og virðing
- Trúfrelsi, einkamál
- Réttlæti, jöfn deiling, virðing

**LAGIÐ Blowing in the wind** | Bob Dylan

### Guðni Th. Jóhannesson



- Yndisleg
- Haldreipi
- Samstaða

**LAGIÐ In a Big Country** með skoska rokkbandinu Big Country

### Halla Tómasdóttir



- Nauðsynleg – er okkur nauðsynleg
- Huggar – getur flutt fjöll
- Sameign – er okkar allra

**LAGIÐ Vetrarsól** | Björgvin Halldórsson




# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á garðyrkjubýlinu Brún hafa hjónin Birgir og Margrét ræktað kirsuberjatómata síðan árið 1999. Kirsuberjatómatar eru smærri en venjulegir tómatar en bragðsterkari. Hjónin hafa komist að því að skemmtileg leið til að njóta þeirra er að steikja með þeim fræ og valhnetur.

**- Kirsuberjatómatar Birgis og Margrétar með steiktum fræjum og valhnetum -**

// 400 g (2 box) kirsuberjatómatar // 2 msk. steinselja // 50 g sólblómafræ // 50 g graskersfræ // 50 g valhnetur // 1 msk. tamarisósa

Skerið tómata til helminga, saxið steinselju. Setjið sólblómafræ, graskersfræ og valhnetur í skál og blandið tamarissósu við. Hitið ofninn i 180°C. Gott er að setja smjörpappír á plötu og fræblönduna þar á. Bakið uns blandan fer að brúnast. Kælið og hrærið saman við tómata og steinselju. Ferskt, einfalt og svaka gott .



FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Lofar góðu



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Bílar vega óvíða í þróuðum löndum þyngra í kostnaði heimila en hér á landi. Á það við bæði um innkaupsverð þeirra og rekstrarkostnað.

Í sérstakri umræðu um stefnu í skattlagningu á bifreiðaeigendur á Alþingi í gær kvaðst Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra velta því fyrir sér hvort bílar þyrftu hér endilega að vera miklu dýrari en í nágrannalöndunum.

Málshefjandi í umræðunni var Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Hún benti á að óumdeilt væri að hér greiddu bifreiðaeigendur mikla skatta. „Áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti hafa verið um 37 milljarðar undanfarin ár. Það telur um sex prósent af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Það sem einkennir þá skattbyrði er að skattarnir eru margir, þeir eru háir og þeir eru afar mismunandi eftir bíltegundum og eldsneytistegundum,“ sagði hún.

Því er sérstakt fagnaðarefni sem fjármálaráðherra upplýsti að í sumar ætti hann von á tillögum til úrbóta frá starfshópi sem hann hefði sett á fót fyrr á árinu gagngert til þess að fara yfir þessa skattlagningu alla og lagaumgjörð.

„Kveðið er á um skattlagningu eldsneytis og ökutækja í sjö lagabálkum og verður ekki annað sagt en að flækjustigið er orðið of hátt,“ sagði Bjarni á þingi í gær.

Ísland er strjálbýlt og veður oft válynd. Af því leiðir að hér reiðir fólk sig á bifreiðar, oft fjórhjóladrifnar, til að komast á milli staða. Aðstæður hér eru allt aðrar en í löndum þar sem reynt er að draga úr akstri í þéttbýli þar sem fyrir er þróað og skilvirkt kerfi almenningssamgangna.

Þá má alveg velta því fyrir sér hvernig það fari saman við stefnu stjórnvalda um að gera stærri landsvæði að einu atvinnusvæði, eins og til dæmis á við um höfuðborgarsvæðið og suðvesturhornið, að þeir sem kjósa að sækja vinnu um lengri veg skuli með því orðnir sannkallaðir ofurskattgreiðendur vegna mikilla álagna hins opinbera á eldsneytisverð.

Þá er til þess að horfa að álitamál getur verið hvaða bílar teljist vistvænstir þegar allt er til tekið. Framleiðsla rafhlaðna í rafmagnsbíla er óhemjumengandi iðnaður. Því hefur verið haldið fram að þegar horft er til bæði framleiðslu og alls líftíma bíls, að förgun meðtalinni, þá sé vistspor rafmagnsbílsins stærra heldur en jafnvel amerískra bensínháka.

Hvað sem því líður eru fá merki um að vægi einkabílsins fari minnkandi í lífi landsmanna. Með aukinni hagsæld hefur innflutningur bíla aukist á ný og horfur á að meðalaldur þeirra bíla sem hér eru í umferð fari lækkandi. Lækki verð ökutækja verður sú þróun örari, en líkt og Bílgreinasambandið hefur bent á, þá eru nýrri bílar bæði sparneytnari og öruggari en eldri bílar.

Náist samstaða um að draga úr álögum á ökutæki mætti ná fram ávinningi bæði hvað þjóðarhag og umhverfi varðar. Orð fjármálaráðherra á Alþingi í gær lofa góðu um vilja til að stíga skref í þá átt og spennandi verður að sjá hverju tillögur starfshóps ráðherra skila.

**Náist samstaða um að draga úr opinberum álögum á ökutæki mætti ná fram ávinningi bæði hvað þjóðarhag og umhverfi varðar.**

### Halldór




**Tónskáldasjóður 365**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **17. júní 2016** merktar:

**„Tónskáldasjóður 365“**
Laufásvegi 40, 101 Reykjavík

Umsóknarblöð má fá á heimasíðu STEFs.

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA


## Frá degi til dags

**Þurfa að nýta tímann**
Ný skoðanakönnun sem birtist í Fréttablaðinu í dag sýnir að staða Samfylkingarinnar er skelfileg. Draumur um stjórnmálaflokk sem átti að sameina vinstri menn í afli sem yrði mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn virðist víðs fjarri. Að sama skapi er staða Framsóknarflokksins ekki góð. Enda vilja margir þingmenn flokksins fresta fyrirhuguðum kosningum í haust og nýta tímann fram á vorið til að stilla strengi sína. Nú er spurning hvort Samfylkingarþingmenn muni taka upp málstað framsóknarmanna. Eða hætta á að bíða afhroð í kosningum í haust.

**Mikilvægt frumvarp**
Ólöf Nordal innanríkisráðherra tilkynnti á dögunum að hún hyggist gefa kost á sér í næstu þingkosningum. Og það er ljóst að sá árangur sem náðist í gær, þegar frumvarp hennar um nýtt millidómsstig var samþykkt, verður vatn á myllu hennar ef til prófkjörsbaráttu kemur. Sú samstaða sem náðist á Alþingi um málið er vissulega til eftirbreytni og mun skipta miklu. Og þegar fram líða stundir mun stofnun hins nýja dómstigs, ásamt aðgerðaáætlun um losun hafta, reynast á meðal merkilegustu verkefna sem leyst verða af hendi á þessu þingi.
jonhakon@frettabladid.is

## Við eigum erindi



Magnús M. Norðdahl
lögfræðingur ASÍ

Að undanförnu hefur verulega dregið úr fylgi Samfylkingarinnar og forysta flokksins dregið þá ályktun að breytinga sé þörf. Árni Páll Árnason hefur ákveðið að víkja og fjórir frambærilegir einstaklingar lýst sig reiðubúna til þess að taka við keflinu. Jafnframt hefur stjórn flokksins ákveðið að víkja til hliðar. Ef rétt er á haldið af okkur, almennum félögum, geta falist í þessu sóknartækifæri. Þau munu hins vegar ekki gefast nema að endurnýjun fylgi ferskir vindar og ný nálgun við flokksfélaga og samfélagið í heild. Magnúsi Orra Schram fylgir sá ferskleiki.

Jafnaðarstefnan byggir á frelsi einstaklingsins, jöfnum rétti allra til þess að njóta þess frelsis og sameiginlegri ábyrgð á öllum sem fá ekki notið þess frelsis sem þau eru borin til. Hún á óbreytt erindi við íslenskt samfélag en forystu flokksins og talsmönnum hennar hefur því miður ekki tekist sem skyldi að koma því erindi til skila. Þörf er á nýjum vinnubrögðum og nýrri nálgun. Mér og flestum öðrum jafnaðarmönnum er slétt sama hvað jafnaðarmannaflokkurinn okkar heitir en okkur er ekki sama hvernig hann vinnur. Við viljum ekki að orkunni sé eytt í innbyrðis átök. Við viljum að hann sé trúr grunngildum sínum og þeirri stefnu sem forystunni er falið að fylgja.

Við viljum að þingmenn jafnaðarmanna séu þingmenn alls samfélagsins og lausir við kjördæma- og hagsmunapot. Við viljum að flokkurinn sé skipulagður sem sameiginlegur vettvangur félaga og samtaka sem vinna að framgangi jafnaðarstefnunnar. Við viljum ekki að hann sé byggður upp sem þröngur valdapíramídi fárra kjördæmabundinna aðildarfélaga.

Þannig var sameinaður flokkur Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Kvennalistans ekki hugsaður og slíka þróun á endurnýjuð forysta flokksins ekki að styðja.

Til þeirra verka og öflugrar sóknar við erfið skilyrði treysti ég Magnúsi Orra Schram og skora á alla félaga mína að gera slíkt hið sama.

**Þörf er á nýjum vinnubrögðum og nýrri nálgun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Seinfeld-áhrifin

Í DAG



Bergur Ebbi

Munið þið eftir Seinfeld? Auðvitað muna allir eftir Seinfeld þó að það séu átján ár síðan hann var í sjónvarpinu. Meira að segja krakkar sem voru ekki fæddir þegar síðasti þáttur Seinfeld var sýndur þekkja hann samt. Sem dæmi má nefna að twitter-aðgangurinn @SeinfeldToday er með tæpa milljón fylgjenda. Þar tístir einhver í nafni Seinfelds og tjáir sig um málefni dagsins í dag og gefur þeim þannig tilgangslausan og óskiljanlegan blæ. Það er einmitt eitt af einkennum Seinfeld og allra umræðna um hann. Fólk fær aldrei nóg af þeim vegna þess að ekkert sem kemur fram í Seinfeld skiptir máli.

Seinfeld var þáttur um ekki neitt. Hrein abstraktsjón. Þess vegna virðist hann líka ná að lifa. Seinfeld er ekki um pólitík, tækni eða siðferðismál. Metnaður Seinfeld fólst í því að finna umfjöllunarefni sem eru svo hversdagsleg að þau ná að vera sammannleg. Einn þáttur tók fyrir álitamálið um hversu lengi maður eigi að bíða áður en maður hendir jólakortum.

### Snilld, snilld, snilld

Ég held að það sé kannski of heiladautt að kalla þetta snilld en ég skil vel hvað fólk er að fara þegar það notar slík orð. Í Seinfeld er ákveðin fullkomnun, 100% nýting á sjónvarpsmiðlinum, engar truflanir, engin hulin skilaboð, bara ómengað grín, tímalaus umfjöllunarefni sem hægt er að tala um endalaust því það er enga niðurstöðu að finna. Umfjöllunarefnin eru innhverf. Þau snúast um að ná algjörum fókus á hið hversdagslega til að gefa manni frí frá þeim byrðum sem fylgja heildarmyndinni. Amerísk sófaútgáfa 20. aldar tilvistarspeki. Ókei, ákveðin snilld.

En ég velti fyrir mér hvort það sem ég kalla hér Seinfeld-áhrifin sé kannski ósiður eða bölvun heillar kynslóðar. Að geta rætt hluti endalaust án þess að komast að niðurstöðu. Á síðasta ári, 2015, er áætlað að notendur Twitter hafi sent frá sér um 200 milljarða tísta. Þar leynast eflaust margar hárbeittar athugasemdir en bragðið af Twitter er soldið eins og af Doritos-snakki. Maður veit aldrei hvort maður hefur borðað þurrkaðan sokk eða ekki því það er of mikið af truflunum á leið hugmyndarinnar frá taugaendunum til meltingarfæranna – of mikið af braki, mauli og endurtekningu. Þetta er synd því ég tel að í heiminum sé fullt af hlutum sem þurfi að ræða af þokkalegri festu. Hvers vegna eru öfgahreyfingar sem ala á útlendingahatri að ná fótfestu í Evrópu? Hvers vegna eru heimskautin að bráðna og hvernig getur það verið að tæplega helmingur bandarísku þjóðarinnar sé mögulega að fara að kjósa sér forseta sem hefur það á stefnuskrá sinni að reisa múr til að einangra land sitt frá ytri áhrifum?

### Hí á asnalega kallinn

Ég ætla að láta mér nægja að reyna að takast á við síðustu spurninguna. Hvers vegna er Donald Trump kominn svona langt? Er það kannski vegna þess að andstaðan sem hann er að fá er að mestu leyti í formi Seinfeld-áhrifa? Ég er að tala um þá staðreynd að bróðurpartur neikvæðrar umfjöllunar um hann er hversu stórar hendur hann

Seinfeld var þáttur um ekki neitt. Hrein abstraktsjón. Þess vegna virðist hann líka ná að lifa. Seinfeld er ekki um pólitík, tækni eða siðferðismál. Metnaður Seinfeld fólst í því að finna umfjöllunarefni sem eru svo hversdagsleg að þau ná að vera sammannleg.

er með, hvernig hann lítur út nakinn, hvort hann sé með hárkollu og hvað hann sé asnalegur eða hallærislegur. Það vantar ekki andstöðuna, það vantar ekki heldur kraftinn í andstöðuna, en það vantar hreinlega meininguna. Slagkraftinum er dreift á fullkomlega tilgangslaus umræðuefni sem leiða ekki til niðurstöðu. Þannig deyfum við huga okkar fyrir hinum undirliggjandi vandamálum sem blasa þrátt fyrir allt við. Í þessu tilfelli verður það að teljast verulegt umhugsunarefni fyrir heimsbyggðina að það ríki töluverður stuðningur meðal almennings stærsta herveldis veraldar við að taka u-beygju í alþjóðamálum. En kannski er það bara of stór hugsun til að ræða og niðurstaðan of óþægileg.

Ég kalla þetta Seinfeld-áhrifin vegna þess að ég tel að stundum geti internetið og skoðanaskiptin þar verið svo arfamáttlaus, eins og endurómur af tuttugu ára gömlum hugmyndum, skraf úr eftirpartíi þar sem enginn þarf að bera ábyrgð á neinu sem sagt er. Þar sem síðustu hlátrarnir eru kreistir úr gömlum fimmaurabröndurum sem leiknir voru af sólbrúnum alkóhólistum í myndveri í Los Angeles árið 1995. Já, ég segi stundum, því auðvitað er ég ekki afturhaldsseggur sem krossar út nútíma tækni. Langt í frá. Ég er í raun bara að segja að innst inni finnst mér ekkert fyndið að horfa á veröldina brenna.

Það sem ég er að gagnrýna eru endurtekningarnar, meme-in, endurvinnslan, fókusinn á merkingarleysið og hið hversdagslega, áherslunа á að missa ekki kúlið. Ég tek þetta einnig til mín sjálfur. Ég vil ekki hverfa, ég vil ekki verða að litlum álfi með meitil sem heggur í sama steininn og allir hinir án takmarks og tilgangs, tvítandi um tvennutilboð og typpið á Donald Trump. Ég óttast merkingarleysi tilverunnar meira en allt annað, hversu létt það er að afskrifa þjáningu sem grín og setja merkingu hluta í það samhengi sem hentar hverju sinni. Það er til dæmis svo ósköp létt að afskrifa kverúlanta-óp mín í þessum pistli sem saklaust grín um Seinfeld. En innst inni vita það allir sem þurfa að vita að þessi pistill er ekki um Seinfeld. Hann er um þá óþægilegu tilfinningu að vera af kynslóð sem lepur volgar dreggjar úr bjórdós í eftirpartíi og flissar máttlaust yfir heimilisföðurnum sem hreyfir sig með krampakippum í sófanum með sígarettu í munnvikinu og er um það bil að kveikja í húsinu.

# Saga hinnar hugrökku Jebu



Lóa Ingvarsdóttir
M.Sc. í alþjóðlegum þróunarfræðum og stjórnun

Þegar maður horfir í augu Jebu áttar maður sig ekki á hvað hún er búin að ganga í gegnum, en úr augum hennar skín gleði, lífskraftur og vilji. Sennilega væri hún ekki komin á þennan stað ef ekki væri fyrir þennan ótrúlega eldmóð sem í henni býr.

Þessa sögu gætu margar ungar stúlkur í Bangladess og víðar sagt þér, en saga margra þeirra endar ekki vel. Saga Jebu gerir það hins vegar.

Hún var 13 ára þegar hún var gift í burtu frá fjölskyldu sinni. Hún hafði verið gift í viku þegar barsmíðarnar hófust. Hún hugsaði strax og man sterkt eftir tilfinningunni um að hún yrði að komast í burtu.

Hún talaði við móður sína og sagði henni frá barsmíðunum. Móðir hennar sagði: Elsku barn, þú verður að harka af þér og láta þig hafa það að lifa við þessi litlu vandamál, framtíðin verður betri.

Það er erfitt að átta sig á því og ímynda sér hvernig í ósköpunum móðir getur talið að barni sínu sé best borgið á þessa leið. Við hvaða aðstæður og hversu mikla fátækt býr móðir sem talar svona við barnið sitt?

Mánuði eftir giftinguna varð hún ólétt og fæddi fyrri son sinn á fjórtánda ári. Árin líða þar sem barsmíðar og nauðgun verða sorglegur hluti af daglegu lífi hennar.

Jeba fékk ekki að halda áfram að ganga í skóla eftir að hún var gift, enda átti hún að sinna heimilinu.

Þessi litla stúlka áttaði sig þó á mikilvægi menntunar og talaði við skólastjóra sem var góður vinur pabba hennar. Hann gaf henni leyfi til að koma og taka prófin tvisvar á ári ef hún myndi ná að læra heima í laumi.

Hún náði að klára prófin og fékk útskriftarskírteini. Á þessum slóðum var slík skírteini ekki að finna í neinum gagnagrunni.

Tengdafjölskyldan var farin að fylgjast náið með henni og fann að lokum skírteinið, skólaskírteinið sem að hún ætlaði að nota til að komast á næsta skólastig. Skírteinið var brennt.

### Læddist út um miðja nótt

Lengi skipulagði Jeba flótta sinn. Loks eina nótt árið 2011, eftir 19 ár af barsmíðum og nauðgunum, 49 saumspor og mörg brunasár, hljópst hún á brott. Þarna átti hún einn 18 ára strák og annan fimm ára. Sá eldri kæmi ekki með, hann var of hliðhollur föður sínum, en hún var ekki viss hvort yngri sonur hennar ætti betri lífslíkur með henni eða hjá föðurfjölskyldu sinni. Hvað hefði hún honum að bjóða, á flótta?

Hún ákveður, með trega, að skilja hann eftir og veðjar á að hún komist frekar ein lífs af.

Hún var búin að safna sér fyrir lestarfari til Dakka, höfuðborgar Bangladess.

Um miðja nótt, þegar allir sofa, tekur hún litlar eigur sínar og vefur þeim í sjalið sitt og læðist út. Hún hleypur af öllum lífs- og sálarkröftum.

Þá heyrir hún lágt kall og óttast að einhver sé á eftir henni. Lítur við og sér þá hvar fimm ára sonur hennar hleypur á eftir henni og kallar: Mamma, mamma, ekki fara án mín!

Hún faðmar hann þétt að sér, lítur til baka og sér engan annan á eftir þeim.

Hún þurrkar tárin hans og þurrkar tárin sín, grípur svo í höndina á honum og áfram hlaupa þau saman.

Í Dakka leitar hún uppi höfuðstöðvar mannúðarsamtaka sem hún þekkti til. Þessi samtök gátu ekki aðstoðað hana því þau óttuðust áhrif og völd tengdaföður hennar innan öfgasamtaka þar í landi.

Hún kemst að lokum til sterkra mannúðarsamtaka, Nigera Korji.

Þar er þeim veitt húsaskjól og henni boðin vinna. Þegar ég hitti Jebu er hún að vinna hjá Nigera Korji og les allar þær bækur sem hún kemst í tæri við. Hún les og fræðir sig um lög og réttindi.

Í dag berst Jeba fyrir jafnrétti og mannréttindum fyrir alla. Við skulum gera það líka.

VIFTUR Í ÚRVALI
25-30% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ
2.495
Heimilistæki ht.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1,5L

**198** kr. 1,5 l
**Coca Cola**
1,5 l

1kg

**998** kr. 1 kg
**Gevalia Kaffibaunir**
1 kg

**598** kr. 500 g
**Gevalia Kaffi**
500 g

1,35kg

**359** kr. 1,35 kg
**Heinz Tómatsósa**
1,35 kg

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**95** kr. 200 g
**ES Steiktur Laukur**
200 g

**198** kr. kg
**Bananar**
Kosta Ríka

**298** kr. 125 g
**Lambhaga Spínatkál**
125 g

NÝTT Í BÓNUS

2L

GOTT Í BOOSTIÐ!

**798** kr. 2 L
**Debic Vanillu Shake**
2 L

10 sett

**398** kr. 10 stk.
**Bónus Boost Sett**
Glös, lok og rör, 10 stk.

**459** kr. 1 kg
**Euro Shopper**
**Berjablanda,** frosin, 1 kg

**459** kr. 500 g
**Euro Shopper**
**Hindber,** frosin, 500 g

**498** kr. 1,2 kg
**Jarðarber**
Frosin, 1,2 kg

**498** kr. 1 kg
**Mangóbitar**
Frosnir, 1 kg

**498** kr. 500 g
**Bláber**
Frosin, 500 g

Verð gilda til og með 29. maí eða meðan birgðir endast

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

5 STK. CHILLI PEPPERONI PYLSUR
5 STK. BEIKON BÓNDA PYLSUR




**998** kr. pk.

**Stjörnugrís Grillpylsur**
10 stk. í pakka, 900 g

10 PYLSUR




**359** kr. pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g,10 stk.




**169** kr. pk.

**Bónus Pylsubrauð**
260 g, 5 stk.

Pylsa + brauð **70** kr/stk.



## GOTT VERÐ Í BÓNUS

100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g




**579** kr. 2x140 g

**598** kr. 4x80 g

**549** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g




**2.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambaprime**
Ferskt




**3.898** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Ferskt




**1.898** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar




**698** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

KS

2015 slátrun



**698** kr. kg

**KS Lambasúpukjöt**
Haustslátrun 2015

KS

FROSINN LAMBAHRYGGUR



**1.998** kr. kg

**KS Lambahryggur**
Frosinn, hálfur (lundapartur)




**298** kr. kg

**KS Lambahjörtu**
**KS Lambalifur**
Frosin

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00





Gylfi Þór Sigurðsson sést hér hlaupa við hlið þeirra Arons Einars Gunnarssonar og Jóhanns Berg Guðmundssonar á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hugsar daglega um EM

**Búist er við miklu af Gylfa Þór Sigurðssyni á Evrópumótinu í Frakklandi og miðað við gengi hans í ensku úrvalsdeildinni er ekkert að óttast. Hann er í góðu standi og getur ekki beðið eftir EM í Frakklandi.**

EM2016



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson, leikmaður Swansea í ensku úrvalsdeildinni, var kurteisin uppmáluð að vanda þegar hann fór í hvert viðtalið á fætur öðru á æfingu karlalandsliðsins í fótbolta á Laugardalsvelli í gærmorgun. Gylfi var í meðhöndlun sjúkraþjálfara þegar annar tími gafst til að hitta strákana fyrr í vikunni og sátu því íslenskir og erlendir fjölmiðlar um Gylfa Þór eins og gammar í gær.

Gylfi er einn níu leikmanna liðsins sem mættu til æfinga á mánudaginn en þessa vikuna hafa strákarnir úr stóru deildunum sem búnar eru verið að æfa. Ari Freyr Skúlason bætist reyndar í hópinn á morgun en hann lenti í fyrradag og fylgdist með æfingu strákanna.

### Spilaði meiddur

„Standið á mér er mjög fínt og standið á hópnum mjög gott fyrir utan Aron og Kolbein. Við erum búnir að sjá nokkuð miklar framfarir á þeim. Þeir eru báðir búnir að vera með á æfingum þessa vikuna. Aron Einar er nokkrum dögum frá því að vera 100 prósent með okkur og Kolbeinn er á leiðinni,“ segir Gylfi en hann spilaði ekki síðustu tvo leiki Swansea í ensku úrvalsdeildinni. Hann hefur verið meiddur í öxl undanfarnar vikur.

„Ég gat alltaf spilað. Þetta var meira í bakinu eða herðablaðinu. Ég spilaði í gegnum þetta í 3-4 vikur þar sem þetta er ekki alvarlegt. Hugmyndin hjá Swansea var sú að við sem erum að fara á EM fáum ekki mikið frí eftir mótið. Því vildi félagið gefa okkur nokkurra vikna frí fyrir keppnina sem er frábært. Ég finn það alveg að ég er mun frískari núna en í lok tímabilsins.“

### Þrjóskan kom Gylfa í gang

Gylfi Þór átti erfitt uppdráttar eins og Swansea-liðið á fyrri hluta tímabils en eftir jól fór allt í gang. Gylfi skoraði níu mörk á seinni hluta tímabilsins en nær öll þeirra tryggðu Swansea mikilvæg stig í fallbaráttunni. Það er svo sannarlega ekki orðum aukið að segja að Gylfi sé langstærsta ástæða þess að Swansea spilar áfram í úrvalsdeildinni. En hver er ástæðan fyrir þessum frábæra seinni hluta mótsins?

„Bara þrjóska, held ég. Okkur gekk ekkert of vel fyrir jól en þar vorum við í smá vandræðum. En þegar fyrsta markið dettur inn þá kemur sjálfstraustið og hlutirnir fara að ganga. Ég breytti engu þótt liðið fengi nýjan þjálfara. Fyrir utan það vorum við að gera sömu hlutina aftur og aftur og við höfðum trú á þeim. Svo loks fór þetta að ganga,“ segir Gylfi Þór.

Á meðan hann var að bjarga Swansea frá falli og vera einn besti miðjumaður ensku úrvalsdeildarinnar var EM alltaf í huga hans.

„Auðvitað er erfitt að loka á EM. Maður hugsar um mótið daglega og vill alls ekki meiðast. En við vorum í þannig stöðu hjá Swansea að við þurftum að einbeita okkur að deildinni þar sem við vorum ekki langt frá falli á tímabili. En við náðum að rétta úr kútnum og enda um miðja deild sem var frábært,“ segir Gylfi.

### Næsta spurning

Þegar menn spila jafn vel og Gylfi Þór í ensku úrvalsdeildinni og fyrir eitt af minni liðunum eins og Swansea er fastur liður hjá enskum blöðum að skrifa þá til annarra og stærri liða. Það hefur svo sannarlega átt við um Hafnfirðinginn sem hefur verið orðaður við Fiorentina, Dortmund og Englandsmeistara Leicester. Er eitthvað komið í gangi í þessum málum?

> **Auðvitað er erfitt að loka á EM. Maður hugsar um mótið daglega og vill alls ekki meiðast.**
>
> Gylfi Þór Sigurðsson

**GYLFI HEFUR SKORAÐ**
**12** mörk fyrir íslenska karlalandsliðið.

**GYLFA VANTAR**
**2** mörk til að komast í fjórða sæti á listanum yfir markahæstu leikmenn Íslands.



„Algjörlega ekki. Ég einbeiti mér að fullu núna með landsliðinu. Mér gekk vel eftir áramót hjá Swansea og á tvö ár eftir af samningnum þar. Ég er ánægður hjá Swansea og er ekkert að hlaupa í burtu þaðan. Ég vona að næsta spurning sé um landsliðið því ég einbeiti mér núna bara að Frakklandi og því sem við ætlum að gera þar,“ segir Gylfi sem hafði takmarkaðan áhuga á að ræða framtíð sína með félagsliðinu en þeim mun meiri áhuga á að tala um Ísland. Meistaradeildin er samt eitthvað sem heillar hann að sjálfsögðu. „Það skiptir ekki máli hvort þú spyrð 19 ára gamlan strák eða 35 ára gamlan mann hvort hann vilji spila í Meistaradeildinni. Svarið er alltaf já.“

### Bestir sem lið

Gylfi Þór segir að strákarnir séu aðeins byrjaðir að skoða mótherjana á Evrópumótinu en íslenska liðið er í riðli með Portúgal, Ungverjalandi og Austurríki. Mestu skiptir þó fyrir strákana, að sögn Gylfa, að hugsa um þeirra leik.

„Við höfum aðeins skoðað mótherjana en það mikilvægasta fyrir okkur erum við sjálfir. Við þurfum að spila okkar leik eins og við höfum gert síðustu fjögur ár. Við megum alls ekki halda að við séum orðnir of góðir og fara að spila sem einstaklingar því þegar við spilum sem lið erum við mjög góðir,“ segir Gylfi.

Á æfingunum tveimur í Laugardalnum þessa vikuna var nóg af erlendum fjölmiðlamönnum en áhuginn á íslenska liðinu er mikill. Svona mikilli umfjöllun eru ekki allir strákarnir í liðinu vanir en hún verður enn meiri í Frakklandi.

„Fjölmiðlafulltrúinn sér um að loka á þetta fyrir okkur. Við þurfum bara að vera rólegir og einbeita okkur að æfingunum og leikjunum og reyna að loka á allt annað. Það er mikilvægt að gera ekki of mikið en auðvitað eru viðtöl sem við þurfum að fara í. Auðvitað er gott að gefa af sér út á við en aðalatriðið er að einbeita okkur að fótboltanum og reyna að spila vel,“ segir Gylfi Þór Sigurðsson.

**14** dagar í **EM 2016**

Frakkar eru nú á heimavelli á stórmóti í fimmta sinn en þeir hafa áður haldið tvö EM (1960 og 1984) og tvö HM (1938 og 1998). Frá og með árinu 1980 hafa gestgjafar aðeins tvisvar unnið HM eða EM og í bæði skiptin voru það Frakkar. Þeir unnu Spánverja 2-0 í úrslitaleik á EM 1984 og unnu svo 3-0 sigur á Brasilíu í úrslitaleik á HM 1998. Frá því að Frakkar unnu Evrópumótið á heimavelli fyrir 32 árum hefur bara einn gestgjafi komist alla í úrslitaleik á EM en það voru Portúgalar á EM fyrir tólf árum. Grikkir unnu þá Portúgal 1-0 í úrslitaleik.



**Borgunarbikar karla í fótbolta**

**Kría - Breiðablik 0-3**
0-1 Guðmundur Atli Steinþórsson (61.), 0-2 Ágúst Eðvald Hlynsson (70.), 0-3 Arnþór Ari Atlason (87.).

**FH - KF 9-0**
1-0 Steven Lennon, víti (13.), 2-0 Emil Pálsson (15.), 3-0 Lennon (24.), 4-0 Jeremy Serwy (30.), 5-0 Serwy (37.), 6-0 Grétar Snær Gunnarsson (67.), 7-0 Emil (74.), 8-0 Pétur Viðarsson (78.), 9-0 Pétur (88.).

**Stjarnan - Víkingur Ó. 2-2**
0-1 William Dominguez Da Silva (50.), 1-1 Jeppe Hansen (58.), 1-2 Pape Mamadou Faye (60.), 2-2 Guðjón Baldvinsson (88.). Leikurinn **var framlengdur** og því ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

### Liðin í pottinum í hádeginu

**Pepsi-deildin 9 lið**
ÍBV, ÍA, Þróttur R., Víkingur R., Fylkir, Valur, Breiðablik, FH og Stjarnan/Víkingur Ó.

**Inkasso-deildin 4 lið**
Leiknir R., Selfoss, Fram og Grindavík

**2. og 3. deildin 3 lið**
Vestri, Grótta (2. deild) og Víðir (3. deild)

### BÚINN AÐ FÁ NÓG AF ÞVÍ AÐ VERA VARAMAÐUR

„Þetta byrjaði fyrir um tveimur mánuðum og tók sinn tíma þar sem ég átti eitt ár eftir af samningi hérna,“ sagði Stefán Rafn Sigurmannsson í viðtali við Vísi en hann yfirgefur Rhein-Neckar Löwen og hefur skrifað undir þriggja ára samning við danska liðið Álaborg. „Mér leist mjög vel á þetta strax frá byrjun og var mjög spenntur fyrir þessu enda frábært lið. Ég talaði við þá hérna og spurði hvort ég gæti fengið mig lausan fyrir þetta,“ sagði Stefán.

Hann hefur verið varamaður fyrir Uwe Gensheimer hjá Löwen undanfarin ár en sá þýski er á förum til PSG. Til að fylla hans skarð var landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson fenginn aftur til Löwen. „Það er búinn að vera mikill áhugi frá öðrum liðum. Ég var búinn að segja nei við mörgum öðrum tilboðum,“ sagði Stefán.




AFSLÁTTARHELGI
Í BANKASTRÆTI
*25% AFSLÁTTUR*
AF ÖLLUM CINTAMANI VÖRUM
GILDIR 27. MAÍ TIL 29. MAÍ
OPIÐ ALLA DAGA 09:00 TIL 22:00
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
BANKASTRÆTI 7 | AUSTURHRAUN 3 | SMÁRALIND | KRINGLAN



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Anna Thorlacius**
sjúkraliði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 22. maí. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 1. júní kl. 13.00.

**Halldór Geir Halldórsson**
**Auður Friðgerður Halldórsdóttir** **Jens Sigurðsson**
**Halldór Geir Jensson** **Birgitta Rut Birgisdóttir**
**Sigurður Kristján Jensson** **Sigrún Elva Guðmundsd.**
**Rúnar Smári Jensson**
**Kristín Anna Thorlacius Jensdóttir**
**Auður Ebba Thorlacius Jensdóttir**
**og barnabarnabörn.**



✝

**Jón Einarsson**
málarameistari
frá Siglufirði,

lést mánudaginn 23. maí síðastliðinn á Spáni. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Valberg Hallgrímsdóttir**
**Margrét Indíana Jónsdóttir** **Ágústa Pálsdóttir**
**Hallgrímur Valberg Jónsson** **Supanee Runarun**
**Einar Theódór Jónsson** **Bergþóra Vigdís Ingimarsdóttir**
**Dóróthea Sigurlaug Jónsdóttir** **Jóhann Jakob Hjartarson**
**Hjörtur Jónsson** **Þóra Kemp**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Björn Blöndal**
Hátúni 10,

lést í faðmi fjölskyldu sunnudaginn 22. maí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Þorsteinn S. Björnsson** **Vilborg Hreinsdóttir**
**Birna Blöndal** **Gunnar Björgvinsson**
**Margrét Blöndal** **Helgi Þór Einarsson**
**Kristín Blöndal**
**Friðbjörg Blöndal** **Flosi Helgason**
**Gísli Friðrik Blöndal** **Anna Björk Theodórsdóttir**
**og barnabörn.**



♡

Elsku hjartans ljúfa barnið okkar, systir, mágkona, móðursystir og barnabarn,

**Regína Sif Marinósdóttir**
Lindasmára 93,

sem varð bráðkvödd á heimili sínu þann 22. maí síðastliðinn, verður jarðsungin frá Digraneskirkju, miðvikudaginn 1. júní kl. 11.00.

**Marinó Björgvin Björnsson** **Guðbjörg Birkis Jónsd.**
**Jón Ragnar Birkis Marinósson** **Rebekka Rut Marinósd.**
**Þorbjörg Alda Birkis Marinósd.** **Karl Sigurðsson**
**Regína Birkis Karlsdóttir**
**Regína Birkis** **Guðberg Haraldsson**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,

**Sigurðar Þórarinssonar**
tæknifræðings.

Sérstakar þakkir til félaga Oddfellowstúkunnar Þorkels Mána og starfsfólks dvalarheimilisins Grundar.

**Guðný Hildur Sigurðardóttir**
**Oddur Sigurðsson**
**Héðinn Pétursson**
**Ana Freed Sigurðsson**
**og barnabörn.**

# Hér verður til dansvinátta

**Tangóævintýrafélagið fyllir sinn fyrsta tug og fagnar þeim tímamótum með tangóhátíð sem hefst í dag. Rut Ríkey Tryggvadóttir segir alla geta dansað tangó, óháð aldri og getu.**

Þetta er spunadans, það geta allir dansað, óháð aldri og getu. Ég segi alltaf að það sé einfalt að læra tangó," segir Rut Ríkey Tryggvadóttir, stofnfélagi Tangóævintýrafélagsins.

Félagið fagnar nú tíu ára afmæli og gerir það með pomp og prakt um helgina. Rut segir býsna margt hafa breyst á þessum tíu árum, nú sé til að mynda dansað fjórum sinnum í viku. „Við erum með ókeypis kynningartíma alla mánudaga. Það er mikið af fólki sem kemur þangað og heldur svo áfram og fer á námskeið. Fólk er nefnilega alveg óbundið, það getur komið eins og það langar."



Tangó er fyrir alla, segir Rut. MYND/JÓN SVAVARSSON



Rut telur að milli þrjú og fimm hundruð manns nýti sér félagið með einum eða öðrum hætti. „Það hefur verið mikill gegnumstraumur þessi tíu ár. Tangóinn hefur alveg náð að festa sig í sessi og það er margt sem spilar þar inn í. Fólk kemur úr ýmsum áttum og sem dæmi má nefna að við erum í samstarfi við Háskóladansinn," segir hún glöð.

Rut undirstrikar að tangó sé þannig dans að fólk þurfi ekki að hafa með sér dansfélaga og Tangóævintýrafélagið leggi mikið upp úr að halda þeirri staðreynd á lofti.

„Allir geta komið og við finnum dansfélaga." Spurð um hvort tangó sé þar af leiðandi ekki hin fullkomna leið til að kynnast fólki segir hún svo vera. „Þetta er mjög félagslegt og hér verður til dansvinátta. Við höfum svo sem líka séð tangóhjónabönd verða til, og tangóbörn. Ég er til dæmis orðin tangóamma," segir hún uppveðruð.

Ætlar félagið að fagna þessum merku tímamótum með sannkallaðri tangóveislu sem hefst í dag og stendur fram til 30. maí. „Við fögnum með alþjóðlegu tangóhátíðinni Tango Solstice Retreat og fáum til okkar góða gestakennara og verðum með fjölda námskeiða," útskýrir Rut.

Hún segir hátíðina ná hápunkti á laugardagskvöldið. „Við verðum í Viðey þar sem dagskráin byrjar á stuttri hugleiðslu við Friðarsúluna og svo er gengið yfir til Viðeyjarstofu þar sem sem Walter Perez, Mariana Docampo, Leonardo Sardella og Helen La Vikinga, skipuleggjandi hátíðarinnar, stíga tangó." Verður almennur tangó svo dansaður til miðnættis og afmælinu þar með fagnað til fullnustu. **gudrun@frettabladid.is**



✝

Faðir okkar,

**Örn Sigurbjartsson**
f. 29.07.50

lést þann 11. apríl 2016. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Jörundur Rafn Arnarson**
**Rakel Arnardóttir**
**Elísabet Arnardóttir**
**Eva Dögg Arnardóttir**



✝

Ástkær móðir okkar,

**Sigríður Fanney Ísaksen**

andaðist á dvalarheimilinu Blesastöðum 20. maí. Jarðsungið verður frá Kapellunni í Fossvogi miðvikudaginn 1. júní kl. 15.00.

**Viktoría Ísaksen** **Valdimar Steinþórsson**
**Vilhelmína Ísaksen** **Erling Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Laufey Pálsdóttir**
frá Siglufirði,

lést þann 25. maí á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 7. júní kl. 15.00.

**Ólafur Ólafsson** **Þórunn Halldórsdóttir**
**Gunndís Gunnarsdóttir** **Ragnar Engilbertsson**
**Ása Dagbjört Sigurbjörnsdóttir** **Georg Schaloske**
**Ásta Pálína Sigurbjörnsdóttir**
**Ágústa Guðný Sigurbjörnsdóttir** **Rögnvaldur Pálmason**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Robert Berman**

lést þann 20. maí síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey. Minningarathöfn um hinn látna verður auglýst síðar.

**Ingigerður Guðbjörnsdóttir Berman**
**Kristína R. Berman**
**Davíð James R. Berman**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
27. MAÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll

# STOLT AF UPPRUNANUM

Fida Abu Libdeh hefur búið hér á landi í rúm tuttugu ár og á hér fjölskyldu og fyrirtæki. Hún tekur neikvæða umræðu um innflytjendur nærri sér og langar að breyta henni til hins betra. Fida trúir því að fái fólk jöfn tækifæri geti allir orðið besta útgáfan af sjálfum sér.



FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

OptiBac probiotics




”Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað“



Víðir Þór Þrastarsson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

PRENTUN.IS

@OptiBac
www.facebook.com/optibaciceland

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Fida Abu Libdeh kom hingað til lands frá Palestínu árið 1995 þegar hún var sextán ára gömul með móður sinni og fimm systkinum. Hún og systkinin fylgdu móður sinni þegar hún og faðir þeirra skildu. Fida var ekki alveg ókunnug Íslandi því móðurbróðir hennar hafði búið hér lengi og hann aðstoðaði fjölskylduna við að koma hingað og hefja nýtt líf. „Við þekktum aðeins til landsins, frænkur okkar höfðu komið í heimsókn til Palestínu og við kunnum til dæmis að telja á íslensku. Þegar við komum hingað var þetta öðruvísi en ég bjóst við. Fyrstu dagarnir voru mjög erfiðir, það var vont veður, erfitt að læra málið, aðlagast skólanum og eignast nýja vini,“ útskýrir Fida.


Fida á sínum yngri árum. Hún segist reyna að fara í gegnum lífið á sínum eigin forsendum en ekki annarra.


Fida með tveimur eldri dætrunum. Hún kennir þeim að vera stoltar af því hverjar þær eru.


Fida stolt á svip við útskrift sína úr MBA-námi við Háskólann í Reykjavík.

**DRAUMARNIR HVERFA**

Fida og eldri systir hennar byrjuðu í tíunda bekk í Austurbæjarskóla við komuna hingað, hún sextán ára og systir hennar sautján. Þaðan fóru þær svo í Iðnskólann í Reykjavík. „Þar byrjuðu vandamálin. Stuðningurinn var miklu minni og við kunnum ekki málið. Þar var kennd íslenska fyrir innflytjendur en allt hitt námsefnið var kennt á íslensku þannig að við náðum hvorug að klára menntaskólann,“ segir hún.

Þetta var mjög erfitt tímabil fyrir Fidu því hún hafði alltaf átt sér draum um að klára nám og voru væntingar hennar til Íslands þær að hér fengi hún góða menntun. „Í Palestínu er erfiðara að fá menntun og það kostar sitt en ég vissi að á Íslandi gætu allir farið í skóla, hér hefðu allir rétt á að mennta sig og að það væri ókeypis. Draumurinn var alltaf að klára nám og gera hluti sem skipta máli í samfélaginu. Ég var mjög óhamingjusöm á þessu tímabili, skildi ekki kennarana, átti ekki vini og horfði á draumana mína hverfa.“

Þegar Fida varð átján ára var ekki annað í boði fyrir hana en að fara að vinna því þá þurfti hún að sýna fram á að hún gæti framfleytt sér til að halda atvinnuleyfinu. Hún fór því að vinna en fór líka í kvöldskóla því hún var ekki tilbúin að gefast upp. „Þar kláraði ég raungreinarnar en náði aldrei íslenskunni. Ég bað um að fá móðurmál mitt, arabísku, metið sem móðurmál og íslensku sem annað mál og sleppa þá við dönskuna. Enginn vildi bera ábyrgð á því, skólinn benti á menntamálaráðuneytið en það benti til baka á skólann,“ segir Fida. Hún nefnir að núna sé meiri sveigjanleiki í kerfinu, mögulegt sé fyrir nemendur að taka stöðupróf í sínu móðurmáli og fá það metið. „Sem betur fer, það eykur möguleikana en samt sem áður eru innflytjendabörn með mjög mikið brottfall úr menntaskóla sem segir okkur að við erum kannski ekki að gera nóg til að halda þeim í skólanum. Við græðum öll á því að þau klári sína menntun og fáum þannig hæfari einstaklinga út í samfélagið.“

**STOFNAÐI EIGIÐ FYRIRTÆKI**

Þegar Keilir fór að auglýsa lánshæft nám fór Fida í viðtal hjá ráðamönnum skólans. „Þeir voru mjög jákvæðir og sögðu að íslenskan ætti ekki að stoppa mig.“ Í Keili fékk Fida þann stuðning sem hún þarfnaðist til að klára stúdentspróf og í framhaldinu þriggja ára háskólanám í umhverfis- og orkutæknifræði. Út frá lokaverkefni í því námi stofnaði Fida frumkvöðlafyrirtækið geoSilica með skólafélaga sínum, Burkna Pálssyni. „Í náminu var lögð mikil áhersla á jarðvarma og endurnýtanlega orku. Jarðvarmi hefur alltaf heillað mig og öll þessi efni sem koma úr jörðinni. Mér fannst skrítið að þau væru ekki nýtt í einhverja framleiðslu og ákvað að skoða nánar hvort hægt væri að nota þessi efni í eitthvað. Þá datt ég niður á rannsóknir á áhrifum kísils á líkamann. Þær sýna flestar mjög jákvæð áhrif og er kísill talinn nauðsynlegur líkama okkar til að styrkja bandvef, en hann er að finna í húð, beinum, brjóski, liðum og æðakerfi svo eitthvað sé nefnt. Á sama tíma var Burkni að skoða möguleika á hreinsun á jarðhitakísli þannig að við ákváðum ásamt leiðbeinendum okkar að stofna fyrirtækið og rannsaka þetta betur,“ lýsir Fida.


Fida Abu Libdeh kom hingað til lands frá Palestínu árið 1995 þegar hún var sextán ára gömul. Hún starfar nú hjá frumkvöðlafyrirtækinu geoSilica sem hún stofnaði ásamt Burkna Pálssyni árið 2012. Í fyrra settu þau sína fyrstu vöru á markað en það er hágæða kísilfæðubótarefni, unnið úr náttúrulegum íslenskum jarðhitakísli. MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

GeoSilica hlaut verkefnisstyrk frá Tækniþróunarsjóði árið 2013 sem gerði þeim Fidu og Burkna kleift að halda áfram með verkefnið og þróa vöru sem sett var á markað í fyrra en það er hágæða kísilfæðubótarefni, unnið úr náttúrulegum íslenskum jarðhitakísli.

**ÚTRÁS Í PÍPUNUM**

Fida var ekki komin með nóg af menntabrautinni og fór því í MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík sem hún stundaði samhliða vinnu. „Ég ákvað að fara í þetta nám þar sem ég hafði tæknifræðilegan bakgrunn en vissi lítið um viðskipti og markaðsfræði, hvernig ætti að reka fyrirtæki og koma því á framfæri. Ég lærði mikið um hvernig á að stofna fyrirtæki og gera samninga við aðila og nýtti mér það við stofnun fyrirtækisins en öll verkefnin sem ég gerði í náminu gerði ég fyrir geoSilica.“

Stefnt er að útrás fyrirtækisins en umræður við erlenda aðila um að selja vöruna í Þýskalandi og á Indlandi eru langt komnar. „Við förum til Indlands í lok sumars til að markaðssetja vöruna þar en aðilar þar höfðu samband við okkur og vildu fá vöruna.“

**NEIKVÆÐA UMRÆÐAN SÆRIR**

Fida býr ásamt eiginmanni sínum, Jóni Kristni Ingasyni viðskiptafræðingi, og þremur dætrum þeirra, Watan Amal, Ragnheiði Tahrir og Valgerði Asalah, á Ásbrú í Reykjanesbæ. Þar er fyrirtæki Fidu einnig til húsa og fjölskyldunni líður vel á Suðurnesjum. „Þetta er flott samfélag sem er að byggjast hér upp. Flestir þekkjast og eru saman í skóla eða vinna á svæðinu. Við verðum öruggelga alltaf hér á Suðurnesjum og hér er bjart fram undan.“

> Ég finn ekki persónulega fyrir fordómum en þegar maður opnar Facebook eða kveikir á útvarpi þá er þessi neikvæða umræða til staðar. Börnin mín eru það lítil ennþá, sú elsta er tíu ára, að þau finna ekki fyrir þessu. Ég vona að þetta breytist og þessi umræða verði ekki lengur til staðar þegar þær verða stórar og að þær þurfi ekki að hlusta á þetta rugl.
>
> Fida Abu Libdeha

Umræða um innflytjendur hefur aukist að undanförnu og er að mörgu leyti orðin neikvæðari. Þessa neikvæðni á Fida mjög erfitt með að umbera og tekur hana afar nærri sér. Hún tekur sem dæmi þegar mörg neikvæð ummæli um litarhátt Unnsteins Manuels tónlistarmanns voru látin falla á dögunum þegar hann kynnti stigagjöf Íslands í Eurovision-söngvakeppninni. „Unnsteinn er flottur strákur sem er búinn að leggja mikið til samfélagsins og við ættum að vera stolt af honum. Í staðinn er ráðist á hann, ég veit að þetta er lítill minnihluti sem hagar sér svona og sem betur fer endurspeglar hann ekki meirihluta samfélagsins en það er mjög erfitt að horfa á þetta,“ segir Fida með grátstafinn í kverkunum. „Ég finn ekki persónulega fyrir fordómum en þegar maður opnar Facebook eða kveikir á útvarpi þá er þessi neikvæða umræða til staðar. Börnin mín eru það lítil ennþá, sú elsta er tíu ára, að þau finna ekki fyrir þessu. Ég vona að þetta breytist og þessi umræða verði ekki lengur til staðar þegar þær verða stórar og að þær þurfi ekki að hlusta á þetta rugl,“ segir Fida.

**HELDUR Í UPPRUNANN**

Hún segir þau hjónin reyna að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin sín og að hana langi til að breyta umræðunni sem sé í gangi í þjóðfélaginu. „Mig langar að sýna fólki að það megi ekki alhæfa. Þó fólk komi annars staðar frá þarf það ekki að vera eitthvað minniháttar. Ef við fáum öll jöfn tækifæri gætum við orðið besta útgáfan af sjálfum okkur. Ég reyni að fara í gegnum lífið á mínum eigin forsendum en ekki annarra.“

Fida er stolt af uppruna sínum og kennir dætrum sínum að vera það líka. Hún hefur einu sinni farið til Palestínu eftir að hún flutti til Íslands en hún heldur góðu sambandi við fjölskyldu sína þar, föður sinn og frænkur. „Mér finnst mikilvægt að börn fái að læra menningu og mál beggja foreldra. Ég elda arabískan mat heima og horfi á arabískt sjónvarp. Ég tala íslensku við börnin mín en ég les fyrir þau á arabísku og þau fara í helgarskóla þar sem kennd er arabíska og önnur móðurmál tvítyngdra barna. Ég tala við stelpurnar mínar um hvaðan ég kem og hvernig það var að alast þar upp og hve stolt ég sé af því að vera þaðan. Það skiptir ekki máli hvaðan úr heiminum maður er, þetta er ég og ég er svona í dag af því að ég kem þaðan. Ég reyni að taka það besta úr báðum menningarheimum og þær munu bara að græða á því í framtíðinni,“ segir Fida og brosir. **liljabjork@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# Icon´s & I

Kringlunni | sími 534 0066





Ljúffengt bananabrauð sem er vinsælt meðal barna jafnt sem fullorðinna.



Kotasælubollurnar eru girnilegar á að líta.

# UNGIR OG UPPRENNANDI KOKKAR

Matreiðsluþáttaröðin Það er leikur að elda hófst á Stöð 2 í gær en þar eru börn í aðalhlutverki. Eva Laufey Hermannsdóttir fær til sín hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að hafa gaman af því að elda. Í fyrsta þættinum var bakstursþema.

Matargleði

Evu Laufeyjar Hermannsdóttur





## BANANABRAUÐ

**2 brúnegg**
**2 þroskaðir bananar**
**60 g smjör**
**2 dl sykur**
**3 ⅕ dl Kornax-hveiti**
**1 tsk vanillu-extract (eða vanillusykur)**
**½ dl mjólk**
**2 tsk. lyftiduft (ég nota vínsteinslyftiduft)**

Hrærið saman egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós.

Bræðið smjörið við vægan hita og leggið til hliðar.

Sigtið saman hveiti og lyftiduft a.m.k. tvisvar sinnum og blandið saman við eggjablönduna.

Merjið banana og bætið saman við ásamt mjólkinni og smjörinu.

Smyrjið form og hellið deiginu í formið, ég sáldra alltaf svolitlu af haframjöli yfir en það er algjörlega valfrjálst.

Bakið við 180°C í 45-50 mínútur.

## KOTASÆLUBOLLUR

**100 g brætt smjör**
**4 dl nýmjólk**
**1 bréf þurrger (12 g bréfið)**
**1 msk. hunang**
**1 tsk. salt**
**400 g kotasæla**
**ca. 900 g + aðeins meira hveiti**

Bræðið smjör í potti, bætið mjólkinni, þurrgerinu og hunanginu saman við og hrærið vel saman.

Hellið blöndunni í hrærivélarskál ásamt saltinu, kotasælunni og hveitinu.

Hnoðið deigið í hrærivélinni í um það bil 8 mínútur. (Það tekur aðeins lengri tíma að gera það í höndunum.)

Stráið hveiti á borðflöt og hnoðið deigið í smá stund með höndunum og mótið eina stóra kúlu.

Færið kúluna yfir í hreina skál og leggið viskastykki yfir skálina. Leyfið deiginu að hefast í rúmlega klukkustund eða þar til það hefur tvöfaldast að stærð.

Hitið ofninn í 200°C (blástur).

Skiptið deiginu niður í jafn stóra bita og mótið bollurnar.

Leggið bollurnar á pappírsklædda ofnplötu.

Penslið bollurnar með eggi og sáldrið birkifræjum yfir.

Bakið við 200°C í 15 mínútur.

## VANILLUBOLLAKÖKUR MEÐ HIMNESKU KREMI

**250 g sykur**
**135 g smjör**
**2 egg**
**250 hveiti**
**1 ½ tsk. vanillu-extract eða vanilludropar**
**1 tsk. lyftiduft**
**3–4 msk. rjómi**

Hitið ofninn í 180°C.Þeytið saman sykur og smjör í tvær mínútur, bætið síðan eggjum saman við, fyrst öðru og svo hinu.

Blandið hveiti og lyftidufti saman í annarri skál og sigtið blönduna 3–5 sinnum. Bætið hveitiblöndunni saman við smjörblönduna í smáum skömmtum ásamt rjóma og hrærið vanillu saman við í lokin.

Skiptið deiginu í pappaform og bakið í 20 mín. við 180°C.

Látið kökurnar standa í 10 mín. áður en kremið er sett á þær.

## SMJÖRKREM MEÐ HVÍTU SÚKKULAÐIKREMI

**230 g smjör, við stofuhita**
**500 g flórsykur**
**2 tsk. vanillu-extract eða dropar**
**2 msk. rjómi**
**100 g hvítt súkkulaði**
**Fersk ber og annað skraut**

Þeytið saman smjör og flórsykur í tvær til þrjár mínútur. Bræðið hvítt súkkulaði yfir vatnsbaði og hellið út í kremið. Bætið rjóma og vanillu saman við í lokin og þeytið kremið áfram í nokkrar mínútur eða þar til það verður silkimjúkt.

Kælið kremið í smástund ef það er of lint. Setjið það í sprautupoka og sprautið því ofan á kökurnar. Skreytið kökurnar að vild en þær eru sérlega fallegar með ferskum hindberjum.

## LJÚFFENGT PESTÓ MEÐ SÓLÞURRKUÐUM TÓMÖTUM

**1 höfuð basilíka**
**100 g ristaðar kasjúhnetur**
**50 g parmesan-ostur, ferskur**
**Salt og pipar, magn eftir smekk**
**Safi úr hálfri sítrónu**
**1–2 dl ólífuolía**

Setjið öll hráefnin í matvinnsluvél eða maukið með töfrasprota. Berið strax fram og njótið vel.


20%
afsláttur af skóm frá
NeroGiardini
MADE IN ITALY

# ÞURFA AÐ SANNA FORSJÁ BARNSINS

**Nauðsynlegt að vita** Komið hefur fyrir að foreldrar sem ferðast einir með börn sín til útlanda hafi þurft að sýna fram á að barnið sé í raun þess og að ferðast sé með samþykki hins foreldrisins, segir á Facebook-síðu utanríkisráðuneytisins.



Best er að hafa alla hluti í lagi áður en lagt er af stað í ferðalag til útlanda. Margir hafa hringt í sýslumannsembættið til að forvitnast um sérstök eyðublöð sem fylla þarf út til að ferðast með börn til útlanda. Þetta á við ef einungis annað foreldrið er með í för. Sömuleiðis þurfa amma og afi að hafa tiltekið skjal sé ferðast með barnabörnin.

Þá segir á Facebook-síðu utanríkisráðuneytisins að það sé sorgleg staðreynd að mansal á börnum hafi stóraukist í heiminum og þess vegna jákvætt að eftirlit hafi verið hert. En hvað þýðir þetta fyrir foreldri eða ömmu og afa sem hyggjast ferðast í sumar með barn? Til eru barnalög frá árinu 2003 þar sem fram kemur að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

Að sögn Rakelar Þráinsdóttur, lögfræðings hjá sýslumannsembættinu, er gott að vera með fæðingarvottorð eða forsjárvottorð barnsins með sér og þar til gert eyðublað frá sýslumanni sem staðfestir að foreldri sé heimilt að ferðast með barnið. Eyðublaðið má finna á heimasíðu sýslumanns undir fjölskyldumál og síðan utanlandsferð barns.

„Þegar foreldrar eru með sameiginlega forsjá þurfa báðir foreldrar að vera því samþykkir að barnið ferðist til útlanda. Þess utan þurfa báðir foreldrar að samþykkja útgáfu vegabréfs fyrir barnið. Við erum ekki með sérstakt eftirlit hér á landi um hvort foreldri sé með heimild til ferðalaga með barn heldur nægir framvísun vegabréfsins,“ segir Rakel. „Ég hef heyrt af því að fólk hafi lent í þessu og þá sérstaklega utan Schengen. Íslensk börn bera yfirleitt ekki eftirnafn frá móður sinni sem getur gert þetta erfiðara. Þess vegna er gott að vera með þetta eyðublað sem finna má á vef sýslumanns,“ útskýrir Rakel.

> » Þegar foreldrar eru með sameiginlega forsjá þurfa báðir foreldrar að vera því samþykkir að barnið ferðist til útlanda. Þess utan þurfa báðir foreldrar að samþykkja útgáfu vegabréfs fyrir barnið.

„Fólk kemur síðan með eyðublaðið útfyllt til sýslumanns þar sem það er undirritað í viðurvist lögbókanda. Sýslumaður krefst forsjárvottorðs áður en það er gert og ef foreldrar fara sameiginlega með forsjá þurfa þeir báðir að undirrita skjalið í viðurvist lögbókanda. „Kannski væri sniðugt að hafa nöfn foreldra í vegabréfi barnsins,“ segir Rakel.

Hægt er að kynna sér frekari reglur á heimasíðu sýslumanns, syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/utanlandsferd-barns.

**elin@365.is**




## BEST KLÆDDAR Í MAÍMÁNUÐI

Vefsíða tískutímaritsins ELLE velur í hverjum mánuði þær konar sem borið hafa af í klæðaburði. Hér má sjá nokkrar þeirra sem þóttu sérlega smart í maí.



# CUBO

*lúxus einingasófi*



## ÞÚ VELUR;

EININGAR OG RAÐAR SAMAN




ÁKLÆÐI EÐA LEÐUR



ÓTAL TEGUNDIR OG LITIR Í BOÐI

POLYFIBER EÐA FIÐURFYLLINGAR

COMFORT - CU




COMFORT - C2




## HUGMYNDIR AÐ UPPRÖÐUN EININGA




HÆGT AÐ RAÐA EININGUNUM SAMAN Á FLEIRI VEGU

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16












Alexander Schepsky var glæsilegur í Tweed Ride Reykjavík í fyrra.

# HJÓLA UM BÆINN EINS OG HEFÐARFÓLK

Herrar og dömur Reykjavíkur eru hvött til að klæðast tweed-jökkum og -drögtum eða öðrum álíka klassískum fatnaði, mæta í **Tweed Ride Reykjavík** á laugardaginn og ljá borginni fagurt og glæsilegt yfirbragð.

Tweed Ride Reykjavík fer fram í fimmta skiptið næstkomandi laugardag. Þá koma saman hjólreiðamenn í fallegum og klassískum fötum og hjóla saman um miðborgina.

Alexander Schepsky, einn skipuleggjenda Tweed Ride, segir hugmyndina að hóphjólreiðinni koma frá London. „Árið 2009 tóku reiðhjólaáhugamenn í London sig saman og stóðu fyrir hóphjólreiðum í borginni. Þessi atburður var þó ekki aðeins til að koma saman og hjóla, heldur klæddu þátttakendur sig í klassísk föt og dragtir í anda breskra hefðarmanna og -kvenna. Hjólin sem hjólað var á voru í sama stíl, klassísk og virðuleg borgarhjól. Ég og vinur minn, Jón Gunnar Tynes, ákváðum að prófa þetta hér í Reykjavík árið 2012. Okkur fannst þetta svo skemmtilegt og auðvitað er enskt tweed-efni tilvalið fyrir íslenskt sumar,“ útskýrir Alexander.

Í fyrstu hóphjólreiðina mættu um sextíu manns á alls konar hjólum. Þá var ákveðið að hafa reiðina árlega og fer hún alltaf fram í kringum mánaðamótin maí og júní. „Við höfum verið í kringum hundrað manns í Tweed Ride Reykjavík síðustu ár, um níutíu þegar veðrið er ekki svo gott en um 120 þegar sólin skín. Það er alls ekki skilyrði að koma í tweed-fötum heldur er nóg að vera bara í flottum fötum.“

Fyrirhugað er að hópurinn hittist fyrir framan Hallgrímskirkju klukkan tvö þar sem verður tekin hópmynd við styttu Leifs Eiríkssonar. „Svo verður hjólað af stað í gegnum bæinn, fram hjá Tjörninni og í gegnum Vesturbæinn. Við komum við á veitingastaðnum Mat og drykk þar sem við fáum síðdegishressingu í breskum anda. Síðan verður haldið áfram og hjólað meðfram sjónum, þaðan yfir á Snorrabraut og svo niður Laugaveginn þar sem vinsælt er að taka myndir af hjólreiðamönnum. Eftir um eins og hálfs til tveggja klukkutíma langa hjólareið verður endað á Kexi þar sem veitt verða verðlaun fyrir best klædda herrann og best klæddu dömuna sem og fyrir glæsilegasta fararskjótann,“ segir Alexander.

Einnig verða að þessu sinni veitt verðlaun fyrir best uppgerða hjólið en að sögn Alexanders eru margir þeirra sem taka þátt í Tweed Ride á fallega uppgerðum hjólum, allt frá fimmta áratugnum.

„Stefnan er að hafa gaman og njóta íslensks sumars og reiðhjólaaðstöðunnar í bænum. Þegar við byrjuðum með þetta fannst mér svo áhugavert að sjá venjulega Íslendinga, sem eru vanalega svo feimnir að tala hver við annan, fara strax að tala saman og segja: „Vá, hvað þú ert í flottum fötum,“ eða: „Þú ert á svo glæsilegu hjóli,“ þannig að þetta hefur verið alveg frábær skemmtun og verður líklega áframhald á því á laugardaginn.“ **liljabjork@365.is**



Þátttakendur í Tweed Ride Reykjavík í fyrra litu út eins og hefðarfólk.



Venjan er að taka hópmynd við styttu Leifs Eiríkssonar áður en lagt er af stað. Þessi mynd er frá Tweed Ride fyrir tveimur árum.

> Stefnan er að hafa gaman og njóta íslensks sumars og reiðhjólaaðstöðunnar í bænum.
>
> Alexander Schepsky

## *Lífsstíll* LILJU NÆTUR



**Hvað borðar þú í morgunmat?**

Almennt borða ég kaffi í morgunmat með kannski smá ristuðu brauði, Cheerios eða chia-graut.

**Uppskriftin að góðri helgi?**

Útivera, sund og góður matur með vinum og fjölskyldu kemur fyrst upp í hugann. Ef eitthvað sérstakt stendur til er gaman að borða á Kolabrautinni, kíkja svo á Icelandic Sagas: The Greatest Hits, fara svo út í sumarið og gleðina og enda jafnvel á Kalda bar.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?**

Allt mögulegt nema death-metal og hard core country. Fer yfirleitt eftir því í hvernig stuði ég er og hvað ég er að gera hverju sinni.

**Bækur á náttborðinu?**

Er alltaf með margar í einu sem ég les til skiptis eftir stemningunni. Núna er ég spennt fyrir Fæðingarsögum eftir Hönnu Ólafs. Auðvitað er ég með Íslendingasögu á borðinu líka sem er Laxdæla þessa dagana. Er með eitt leikrit í umferð sem mig langar að gera sem heitir Splendids og svo datt ég á bólakaf í ævintýrabók sem ég keypti handa dóttur minni um daginn. Svo hef ég lengi stefnt á að lesa aftur LoveStar eftir Andra Snæ sem er klárlega ein af mínum uppáhalds.

**Hvernig verður sumarfríið?**

Það er óákveðið en verður skoðað betur í vikunni. Ég mun sýna í allt sumar svo það þarf að púsla þessu vandlega með hinum leikurunum í sýningunni svo allir fá smá frí.

**Uppáhaldsmaturinn þinn?**

Ég elska sushi, humar og gott ferskt kjöt og hreint íslenskt grænmeti. Er annars með æði núna fyrir súrdeigsbrauði, hummus og svo auðvitað ís.

**Hvernig verður helgin?**

Ég mun sýna alla helgina í Hörpu og það er fáránlega gaman. Áhorfendur taka virkan þátt og það er mikið hlegið. Í lok dags skellir maður sér í smá drykk með góðu fólki. En dagana á litla stelpan mín. Helgarnar eru gæðatími hjá okkur.

**LILJA NÓTT ÞÓRARINSDÓTTIR ER MÓÐIR, STELPA, KONA, ÍSLENDINGUR OG MARGT, MARGT FLEIRA. SÍÐASTA ÁR HEFUR HÚN LEIKIÐ MORÐINGJA, KYNNST ÚTLENDINGUM, FERÐAST OG SKRIFAÐ SJÓNVARPSHANDRIT. HÚN SKRIFAÐI, ÁSAMT ÖÐRUM, LEIKRITIÐ ICELANDIC SAGAS: THE GREATEST HITS, SEM SÝNT ER Í HÖRPU EN ÞAR LEIKUR HÚN Í UM 50 HLUTVERKUM Á 75 MÍNÚTUM.**

# HOLLUR STAFLI AF PÖNNSUM



Dúnmjúkar og þykkar pönnukökur með sírópi og smjöri eru draumamorgunmatur um helgar. Ekkert sérstaklega hollur morgunverður, en afar bragðgóður. Það má þó vel njóta þess að borða góðan stafla af rjúkandi heitum pönnsum án þess að fá samviskubit, því það er hægt að búa þær til án þess að nota sykur og hveiti. Hvernig? Jú, með því að hræra saman banana og egg.

**1 stór banani**
**2 egg**

Stappið bananann mjög vel með gaffli þar til hann er kekkjalaus. Hrærið svo eggin saman við. Þetta er í raun allt sem þarf en margir bæta við hnífsoddi af lyftidufti og smá kanil. Steikið svo eins og venjulegar pönnukökur.

Þar sem engan sykur er að finna í pönnukökunum sjálfum er ekkert að því að smyrja þær með klípu smjöri og hella örlitlu af sírópi yfir eða strá yfir staflann bláberjum eða jarðarberjum.

***www.ourbites.com***




# KEYPT & SELT

## Til sölu



**RÝMINGARSALA**
Ítalskar gegnheilar granít flísar 30x60 cm. 4 litir. Gott verð Uppl. 820-5181

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Byggingastjórn og öll almenn hönnun mannvirkja. Geometric ehf. 8680474 7790004




# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

# HÚSNÆÐI

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN LÆKJARGÖTU**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar bílstjóra og fólk til afgreiðslu í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari uppl. gefur Kristinn S. 782-6600

**BLIKKSMIÐJAN VÍK EHF**
óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði, þarf að geta starfað sjálfstætt.

Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is öllum umsóknum verður svarað

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI**
Starfskraftur óskast í bakarí aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**Olíudreifing**

**HÁSETI**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða háseta í sumarafleysingar á olíuskipið Laugarnes. Almennt gildir að sigt er í tvær vikur og frí í tvær vikur.

Helstu verkefni Laugarnes er olíuafgreiðsla til skipa á Faxaflóasvæðinu og birgðaflutningur frá Reykjavík. Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Umsóknir sendist á audunn@odr.is .

Nánari upplýsingar veitir: Auðunn Birgisson í síma 550-9928.

**Bílastjarnan**
Bílamálun og Réttingar
Okkur vantar bifreiðasmiði og eða vana menn til starfa í réttingadeildina hjá okkur. Áhugasamir sendi inn umsóknir á bjarni@bilastjarnan.is

**FIRMA SSVERK.**
zatrudni pracowników do prac ziemnych przy ukladaniu swiatlowodów. Oferujemy duzo pracy i duzo nadgodzin. prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is & 847 7663

**VERKAMAÐUR - WORKER**
Óskum eftir starfsmönnum í byggingaviðhald, starfið felst í byggingarvinnu og fl. Fjölbreytt starf. Áhugasamir sendið umsóknir á 4faktura@gmail.com

**SMIÐIR**
Traust fyrirtæki óskar eftir smiðum og eða undirverktökum í fjölbreytt starf. Áhugasamir sendið umsóknir á 4faktura@gmail.com og s. 773 3376

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




**FRÍMERKJASÝNING**
FRÍMERKI 2016 verður haldin í húsi KFUM og K Holtavegi 29 Reykjavík 28. og 29. maí opið: 1-5 báða dagana

# fasteignir

**HRAUNHAMAR**
**FASTEIGNASALA**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Breiðvangur 24, 220 Hafnarfjörður

**Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Verð 32,8 milljónir.**












**Opið hús í dag milli kl. 17 -17.30**
Hús að utan í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum. Stórviðgerð 2009. Eignin er mjög vel staðsettu, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.

**Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## til sölu




## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*




# Hljómsveitin Klettar

**Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

**Allir velkomnir**

http://www.facebook.com/cafecatalina

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

**ráðum**
ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR**

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG,
Á MORGUN LAUGARDAG
OG Á SUNNUDAG,
26. - 29. MAÍ**


STEINDI JR
SPYRILL
HLÍN EINARS
DÓMARI
KALLI BJARNI
STIGAVÖRÐUR
MARÍA GUÐMUNDS
DJ
Ghetto
Betur
Eins og Gettu Betur, samt ekki.
pepsi MAX
Í KVÖLD KLUKKAN 20:10

# Ítalskir dagar

*ÍTALÍA vörurnar okkar koma alla leið frá Ítalíu. Tómatlínan er lífræn vottuð og kemur frá La Dispensa di Campagna Srl í Toskana Ítalíupastað er framleitt úr fyrsta flokks durumhveiti ræktuðu í Orcia dalnum. Það er framleitt á gamla mátann og er bronsdregið og þurrkað hægt við lágan hita.*






**Segafredo kaffi**
Baunir, malað og púðar.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Il Boschetto Risotto**
Saffran og trufflu.



**Callipo túnfisk file**
Í vatni, ólífuolíu og extra virgin ólífuolíu.



**Barilla pasta**
Þessi í bláu pökkunum

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Rustichella pasta.**
Ósvikið ítalskt pasta.



**Ítalskur gelato**
Ný bragðtegund - sítrónu.

Gildir til 29. maí á meðan birgðir endast.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Filippo Berio balsamik**
Þrjár öðruvísi bragðtegundir.



**Sacla pestó og pastasósur**
Ítölsk ástríða í matargerð.

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa



**Illy kaffi**
Sælkerakaffi


24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg




ÍSFUGL

*Sesam teriyaki*



**TILBOÐ 25%** afsláttur á kassa

## KALKÚNALUNDIR

**2.489** kr/kg
verð áður 3.319

*Norður ítölsk*



**TILBOÐ 20%** afsláttur á kassa

## NAUTASTEIK

**3.839** kr/kg
verð áður 4.799



**TILBOÐ 25%** afsláttur á kassa

## LAMBARIBEYE ÍTALÍU MARINERAÐ

**3.674** kr/kg
verð áður 4.899

## Lífræn ítölsk hráskinka og salami





## Ítölsk hráskinka og álegg



Prosciutto di Parma | Antipasto Misto | Prosciutto di Parma | Coppa | Prosciutto crudo | Bresaola

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*





# Boltinn elti hugi þátttakenda

**Borgarasviðið – Leiðsögn fyrir innfædda – nefnist sýning sem snýst um akureyrska menningu. Hún verður frumsýnd í kvöld og hefst með göngu frá Hofi en dagskráin er í Samkomuhúsinu.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Auðvitað er algengt að leikhúsið sé notað sem spegill á samfélagið og í þessu tilfelli eru það borgararnir sem fengu tækifæri til að velta upp spurningum um samfélagið,“ segir Vala Höskuldsdóttir um sýninguna Borgarasviðið – leiðsögn fyrir innfædda – sem frumsýnd verður í kvöld á vegum Menningarfélags Akureyrar. Þar er Vala annar tveggja listrænna stjórnenda, hinn er Aude Busson.

„Aðaláherslan er á spurningarnar: Hvernig er akureyrsk menning? og Hvað er að virka í samfélaginu og hvað ekki?“ upplýsir Vala. „Við auglýstum eftir fólki til að taka þátt í ferlinu og talsverður hópur svaraði kallinu og sagði: „Ég vil vera með.“ Boltinn elti svo hugi þátttakenda og eftir nokkur skipti varð þróunin sú að kjarninn í þeim hópi sem er búinn að vinna saman frá því í nóvember samanstendur af konum sem eiga allar uppruna sinn erlendis. Að einhverju leyti tilviljun en samt kannski ekki. Eitt af því sem við komumst að í ferlinu er að Akureyringar – og eflaust flestir Íslendingar – draga sig stundum út úr verkefnum þar sem meirihluti þátttakenda er af erlendu bergi brotinn. Kannski förum við Íslendingar gjarnan í einhvern heimagír og finnst of mikið vesen að þurfa að tala hægt og setja okkur inn í aðstæður sem okkur eru framandi og ókunnar en svo förum við til útlanda og finnst sjálfsagt að kynnast alls konar fólki þar – en bara alls ekki heima hjá okkur.“

**KANNSKI ÓTTUMST VIÐ AÐ ALLT HÆTTI AÐ VERA SKEMMTILEGT EF VIÐ RUGGUM BÁTNUM OG LEYFUM OKKUR AÐ SPYRJA SPURNINGA.**

Til að byrja með virtust konurnar upp til hópa mjög ánægðar með að búa á Akureyri, að sögn Völu. „Allt var bara frábært, allir söngelskir, barngóðir, glaðlegir og góðir. En þegar leið á samtalið opnaðist fyrir fleira, þess vegna var gott að hafa ferlið svona langt. Tilfellið er að okkur heimafólkið virðist skorta forvitni og áhuga fyrir því óþekkta, hugsanlega af því við erum svo ánægð með okkur sjálf eða hrædd við að lenda í vandræðum ef við snertum við málefnum eins og trú, litarhætti, klæðnaði eða kvenfrelsi. Kannski óttumst við að allt hætti að vera skemmtilegt ef við ruggum bátnum og leyfum okkur að spyrja spurninga.“

Vala segir sýninguna hafa tekið á sig það form sem hentaði best og endað á að verða leiðsögn fyrir innfædda. „Við ætlum að sýna innfæddum aðra mynd en þeim er kunnust og teljum að hún sé fróðleg og skemmtileg fyrir alla, hvort sem þeir eru Akureyringar eða ekki,“ segir hún og tekur fram að sýningin taki einn og hálfan tíma og bara séu planaðar tvær, í kvöld og annað kvöld klukkan 20. Nema náttúrlega allt verði vitlaust!

**gun@frettabladid.is**




Gunnlaugur Scheving

**Listmunauppboð**

í Gallerí Fold

mánudaginn 30. maí, kl. 18
og þriðjudaginn 31. maí, kl. 18

Stærsta uppboð ársins · óvenju margar perlur gömlu meistaranna

**Forsýning í Gallerí Fold**

föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17,
sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17, þriðjudag kl. 10–17

**Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is**

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


# Heimur sjómennskunnar

Norræni leikhópurinn Kompani Nord kemur til landsins um helgina og sýnir verk sem byggt er á vinsælu bókinni Vi, de druknede (We, the Drowned) eftir danska rithöfundinn Carsten Jensen sem hefur notið mikilla vinsælda allt frá því hún kom út árið 2006. Sýningar verða í Tjarnarbíói á laugardag og sunnudag kl. 20.30 og er miðaverð 2.900 kr.

Verkið fjallar um þrjár kynslóðir sjómanna og þá von og hörku sem ríkir hjá fjölskyldum í hinum harða heimi sjómennskunnar. Sýningin vinnur með sviðsleik, myndbönd og ljósmyndir. Þar mætast stórar hreyfimyndir og einfaldur leikur. Tónlist verksins er sérsamin og sækir innblástur sinn til lagasmíða Toms Waits.

Leikhópurinn Kompani Nord er upprunninn á Álandseyjum en listamenn hópsins koma frá Álandseyjum, Finnlandi, Noregi og Danmörku. Stjórnandi leikhópsins og leikstjóri sýningarinnar er finnski leikstjórinn Arn-Henrik Blomqvist.



**Úr leiksýningunni Vi, de druknede með leikhópnum Kompani Nord.**

Verkið er flutt á sænsku með enskum texta. Sýningin er hluti af norrænni sýningarferð hópsins. Nú á vordögum hefur verkið verið flutt á Álandseyjum, í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Færeyjum við góðar viðtökur. **– mg**

HB
HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13.00 - 16.00 laugardaga**



Innskotsborð - verð 57.000
Tilboð 48.000
eða 4.545 kr á mánuði
Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm



Teborð - verð 66.000
Tilboð 56.000
eða 5.235 kr á mánuði
Stærð 75 x 50 sm - h. 75 sm



Campaign skrifpúlt - verð 176.000
Tilboð 139.000
eða 12.394 kr á mánuði
Stærð 112 x 65 sm - h. 93 sm



Blaðgrindarborð - verð 43.000
Tilboð 35.000
eða 3.424 kr á mánuði
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm



Chippendale glerskápur - verð 230.000
Tilboð 195.000
eða 17.224 kr á mánuði
Stærð 135 x 50 sm - h. 205 sm



Chippendale stofuskápur - verð 379.000
Tilboð 312.000
eða 27.315 kr á mánuði
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm



Chippendale glerskápur - verð 212.000
Tilboð 169.000
eða 14.981 kr á mánuði
Stærð 120 x 45 sm - h. 195 sm



Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð 137.000
eða 12.221 kr á mánuði
Stærð 175 x 50 sm - h. 60 sm



Sófaborð með 4 skúffur - verð 93.000
Tilboð 67.000
eða 6.184 kr á mánuði
Stærð 110 x 60 sm - h. 53 sm



Sjónvarpsskápur - verð 242.000
Tilboð 194.000
eða 17.138 kr á mánuði
Stærð 180 x 45 sm - h. 60 sm



Carrera lyftistóll - verð 159.000
Tilboð 135.000
eða 12.049 kr á mánuði
Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm



Rubelli hægindastóll - verð 139.000
Tilboð 99.000
eða 8.944 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm



Rubelli hægindastóll - verð 89.000
Tilboð 69.000
eða 6.356 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm



Viktorian skenkur - verð 231.000
Tilboð 185.000
eða 16.361 kr á mánuði
Stærð 175 x 50 sm - h. 90 sm

Upphæðir miðast við raðgreiðslur með kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald

**www.husgagnabankinn.is**

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WARCRAFT | 5, 8, 10:30(P) |
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 7, 10 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 3:50, 5:50 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8, 10 |
| RATCHET & CLANK | 3:50 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 9 |
| ALICE THROUGH... 2D VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5:30 - 8:40 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 | 12 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 | 9 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 3:40 | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 | 9 |
| KEANU | KL. 10:30 | 16 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10:30 | 12 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 | 9 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 9 |
| WARCRAFT 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 7:45 - 10:40 | 12 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 | 9 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI** | | |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 9 |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MOTHER'S DAY | KL. 6:30 - 9 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 | 9 |
| WARCRAFT 3D | KL. 10:30 | 12 |
| WARCRAFT 2D | KL. 8 | 12 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 10:35 | 12 |
| ANGRY BIRDS ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SJÁÐU EM 2016
Í SMÁRABÍÓI
NÁNAR Á SMARABIO.IS/EM




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**27. MAÍ 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Andrými í litum og tónum – Vortónar
**Hvenær?** 12.10
**Hvar?** Listasafn Íslands
Íslenski flautukórinn og Listasafn Íslands standa fyrir hádegistónleikaröð í Listasafni Íslands. Síðasta föstudag hvers mánaðar er boðið upp á fjölbreytta tónlist til þess að vinda ofan af vinnuvikunni og endurræsa skilningarvitin. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** ADHD
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó
Hljómsveitin ADHD heldur tónleika í Gamla bíói í kvöld eftir dágóðan dvala. Sveitin hefur verið mikið fyrir utan landsteinana að sinna tónleikahaldi en snýr nú aftur heim til að sinna samlöndum. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Tikk tikk búmm
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Bjarni Snæbjörnsson og Sigga Eyrún hafa troðið upp sem Viggó og Víóletta víðsvegar um landið. Karl Olgeirsson spilar með þeim og syngur. Efnisskráin er full af perlum þekktra söngleikja. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

**Hvað?** Tónleikar Mezzoforte
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Mezzoforte heldur eina tónleika á Græna hattinum í kvöld. Seldist upp á þá tónleika sem sveitin stóð fyrir í Reykjavík á dögunum. Aðgangseyrir 4.900 krónur.


ADHD verður í Gamla bíói í kvöld.

**Hvað?** Celestial Ground
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Dúettinn Celestial Ground flytur hugleiðslukennda tónlist á framandi hljóðfæri eins og duduk-flautu og hapi-trommu. Celestial Ground eru Alap Ysler og Lucas Oakland. Alap hefur unnið að því í nokkra áratugi að skapa sérstæðan hljóðheim og smíðar jafnvel hljóðfærin sjálfur. Á undan Celestial Ground leikur hörpuleikarinn Udasina Rose. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

## Listsýningar

**Hvað?** Opnun Elocharis
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Vest, Hagamel 67
Snorri Baldursson líffræðingur opnar sýningu náttúruljósmynda í Galleríi Vest, Hagamel 67, í dag, 27. maí Sýningin nefnist Elocharis, sem er ættkvíslarheiti vatnajurtarinnar vatnsnálar. Hún verður opin dagana 28. og 29. maí kl. 15-18. Allir velkomnir

**Hvað?** Opnun Ummerkja vatns
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hafnarborg
Sumarsýning Hafnarborgar, Ummerki vatns, verður opnuð í dag. Það er samsýning sex listamanna sem allir eiga það sameiginlegt að styðjast við ummerki vatns í verkum sínum þar sem litur, vatn og uppgufun þess er meðal annars til umfjöllunar. Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru þau Anna Rún Tryggvadóttir, Florence Lam, Harpa Árnadóttir, Hulda Stefánsdóttir, John Zurier og Margrét H. Blöndal. Sýningarstjórar eru Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, og Birgir Snæbjörn Birgisson myndlistarmaður.


Tikk tikk búmm, þar sem Sigga Eyrún og Bjarni Snæbjörnsson leika á als oddi, verður á Café Rosenberg í kvöld.

**Hvað?** Handverkssýning eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Salur Félagsstarfsins, Skólabraut 3-5.
Hin árlega handverkssýning eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi verður opnuð í dag. Á sýningunni verður margt fallegra handverksmuna sem unnir voru síðastliðinn vetur. Handavinnukonur sýna afrakstur sinn, námskeið í gleri, leir og listasmiðju draga fram muni auk þess sem verk Timburmanna verða til sýnis. Sýningin verður opin frá klukkan 14.00 til 18.00 þar til á sunnudag. Allir velkomnir og hvattir til að taka með sér gesti.

**Hvað?** Raflostasýning og innsetningar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91
Nemendur Listaháskóla Íslands og þátttakendur á Raflostanámskeiðinu sýna afrakstur vikunnar. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

## Dans

**Hvað?** Tangósólstöðuhátíð Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg 12
Í ár fagnar Tangóævintýrafélagið 10 ára afmæli sínu og heldur upp á tímamótin með alþjóðlegu tangóhátíðinni Tango Solstice Retreat sem fer fram dagana 27.-30. maí. Klukkan 19.00 í kvöld verður tangónámskeið þar sem kennararnir Walter Perez, Leonardo Sardella og Mariana Docampo kenna og kostar 4.900 krónur. Klukkan 21.00 hefst svo tangósýning tangókennaranna frá Argentínu þar sem aðgangseyrir er 1.000 krónur. Allir velkomnir.


HARMONIKUFÉLAG REYKJAVÍKUR 1986

**- TÓNLEIKAR OG HARMONIKUBALL -**

Harmonikufélags Reykjavíkur er 30 ára og býður af því tilefni uppá fjölbreytta Harmoniku-tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun **laugardaginn 28. maí . kl 16:00** svo og Hátíðardansleik að kvöldi í Fóstbræðraheimilinu við **Langholtsveg frá kl. 21:00.**

Frítt inn á tónleikana / miðaverð á dansleik, kr. 1,500.-

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

***Harmonikufélag Reykjavíkur***




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Útí að aka ........ 18:00, 22:00
The Other Side........ 18:00, 20:00, 22:00
Anomalisa........ 18:00
Keep Frozen ENG SUB ........ 20:00
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 20:00
Fyrir framan annað fólk / In front of others ENG SUB ........ 22:00




TÓNLEIKUR KYNNIR:
EIN VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT BRETLANDS FRÁ UPPHAFI:
SIMPLY RED
SUMAR 2016
LAUGARDALSHÖLL Á ÞRIÐJUDAGINN
ÖLL VINSÆLUSTU LÖGIN:
HOLDING BACK THE YEARS
SOMETHING GOT ME STARTED
STARS
FOR YOUR BABIES
IF YOU DON´T KNOW ME BY NOW
MONEY´S TOO TIGHT TO MENTION
FAIRGROUND
OG FLEIRI OG FLEIRI
MIÐASALA Á midi.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

NÝTT!



SKEMMTIÞÁTTUR

2 | 20:10
**GHETTO BETUR**
Skemmtilegur og frumlegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta tveir fulltrúar frá hverju bæjarfélagi og spreyta sig á sprenghlægilegum vel völdum spurningum og þreyta óvenjulegar þrautir.

MEIRIHÁTTAR
**FÖSTUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



2 | 20:50
**MONA LISA SMILE**
Þegar Katherine Watson kennari tekur til starfa í framhaldsskóla fyrir ungar stúlkur hristir hún rækilega upp í viðteknum venjum og rótgrónu skólasamfélaginu. Vönduð dramatísk kvikmynd með Juliu Roberts í aðalhlutverki.



SPENNUMYND

2 | 22:55
**PREDESTINATION**
Ethan Hawk leikur útsendara sem ferðast um tíma og rúm til að handsama alræmdan hryðjuverkamann og koma í veg fyrir glæpi áður en þeir eiga sér stað. Æsispennandi vísindatryllir.

b | 22:00
**FOCUS**
Fjárhættuspilarinn og blekkingameistarinn Nicky áhveður að taka nýgræðinginn og fegurðardísina Jess Barrett í læri en hún reynir með þokka sínum að blekkja hann.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Kalli kanína og félagar
**08.10** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Restaurant Startup
**10.55** First Dates
**11.45** Grand Designs - Living
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Other Woman
**14.45** Tenacious D. in The Pick of Destiny
**16.20** Mayday
**17.15** Simpson-fjölskyldan
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.07** Ísland í dag
**19.20** The Simpsons
**19.45** Impractical Jokers
**20.10** **Ghetto betur** Skemmtilegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar, eða Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta tveir fulltrúar frá hverju bæjarfélagi og spreyta sig á vel völdum spurningum.
**20.50** **Mona Lisa Smile** Dramatísk kvikmynd sem gerist í Wellesley-framhaldsskólanum um miðja 20. öldina. Þetta er stúlknaskóli þar sem fæstir nemendanna eiga stóra drauma um afrek í atvinnulífinu.
**22.55** Predestination
**00.30** **Veronica Mars** Allir þekkja Veronicu Mars úr samnefndum spæjaraþáttum. Nú er Veronica orðin fullorðin og starfar sem lögfræðingur í New York.
**02.15** The Heat
**04.10** Tenacious
**05.40** Ghetto betur
**06.15** The Simpsons

## SPORT

**07.30** Stjarnan - Víkingur Ó.
**09.15** Borgunarbikarmörkin
**10.20** ÍA - Fylkir
**12.10** Stjarnan - FH
**14.00** Pepsímörkin
**15.40** Markaþáttur Pepsi deildar kvenna
**16.20** Stjarnan - Víkingur Ó.
**18.05** Borgunarbikarmörkin
**19.10** Golden State - Oklahoma. Leikur 5
**21.00** Goals of the Season
**21.55** Liverpool - Sevilla
**23.40** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**00.30** Toronto - Cleveland. Leikur 6

## SPORT 2

**07.30** Gold. State - Oklah. Leikur 5
**11.30** Goals of the Season
**12.25** Gold. State - Oklah. Leikur 5
**14.15** Chelsea - Leicester
**16.00** Granada - Barcelona
**17.40** Spænsku mörkin
**18.10** Breiðablik - Þór/KA
**19.55** Markaþáttur Pepsi deildar kvenna
**20.35** Formúla E - Beijing
**21.50** OpenCourt - All-Star Stories & Memories
**22.40** Toronto - Cleveland. Leikur 3

## GOLFSTÖÐIN

**08.25** Dean & Deluca Invitational
**11.25** Inside The PGA Tour
**11.50** PGA Tour - Highlights
**12.45** Dean & Deluca Invitational
**15.45** Inside The PGA Tour
**16.10** Dean & Deluca Invitational
**19.10** Golfing World
**20.00** Dean & Deluca Invitational
**23.00** Golfing World

## STÖÐ 3

**18.30** Masterchef USA
**19.10** Cristela
**19.35** Clipped
**20.00** Community
**20.25** NCIS Los Angeles
**21.10** Justified
**21.55** Supernatural
**22.40** Sons of Anarchy
**23.45** Community
**00.05** NCIS Los Angeles
**00.50** Justified
**01.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Víkingurinn Viggó
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur og félagar
**08.55** UKI
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Latibær
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Lukku láki
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Víkingurinn Viggó
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur og félagar
**12.55** UKI
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.25** Latibær
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Lukku láki
**14.48** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Víkingurinn Viggó
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.55** UKI
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.25** Latibær
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Lukku láki
**18.48** Mæja býfluga
**19.00** Walking With Dinosaurs



Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Raising Hope
**18.40** Raising Hope
**19.00** Friends
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** Modern Family
**20.10** Veistu hver ég var?
**20.55** It's Always Sunny In Philadelphia
**21.20** Crisis
**22.05** The Mentalist
**22.50** Longmire
**23.35** Boardwalk Empire
**00.30** Friends
**00.55** Veistu hver ég var?
**01.35** It's Always Sunny In Philadelphia
**02.00** Crisis
**02.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** Mr. Morgan's Last Love
**12.55** Mr. Holmes
**14.40** What to Expect When You are Expecting
**16.30** Mr. Morgan's Last Love
**18.25** Mr. Holmes
**20.10** What to Expect When You are Expecting
**22.00** **Focus** Frábær mynd frá árinu 2015 sem fjallar um reynda fjárhættuspilarann og blekkingameistarann Nicky, sem leikinn er af Will Smith. Hann ákveður að taka nýgræðinginn og fegurðardísina Jess Barrett í læri, sem leikin er af Margot Robbie, en hún reynir með þokka sínum að blekkja hann og kúga síðan út úr honum pening ásamt samverkamanni sínum.
**23.45** Silence of the Lambs
**01.45** Wedding Ringer
**03.25** Focus

## RÚV

**16.00** Treystið lækninum
**16.50** Hrefna Sætran grillar
**17.15** Leiðin til Frakklands
**17.45** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hundalíf
**18.03** Pósturinn Páll
**18.18** Lundaklettur
**18.26** Gulljakkinn
**18.28** Drekar
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**19.55** Miranda
**20.25** Skarpsýn skötuhjú
**21.25** Á leið á toppinn
**22.50** Sherlock Holmes
**00.20** Hinterland
**02.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**00.35** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** The Family
**02.05** The Catch
**02.50** Scandal
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Life In Pieces
**13.55** Grandfathered
**14.20** The Grinder
**14.45** The Millers
**15.05** The Voice
**15.50** Three Rivers
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** The Voice
**21.45** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** Code Black
**23.55** American Crime

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# GÓMSÆT TILBOÐ

*Þú færð allt sem þú þarfnast í Iceland, á frábæru verði!*



**5 Fyrir 4**
af öllum pizzum
- þú velur



**249** kr. stk.
ROCKSTAR ORKUDRYKKUR
500 ml.

Verð frá: **899** kr. stk.
BEN & JERRY´S ÍS - 500 ML
FRÁBÆRT ÚRVAL





**1199** kr. kg
VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.
1. FLOKKS SS LAMBALÆRI
FROSIÐ. 2,1–2,6 KG

SS fremstir fyrir bragðið

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



# Á afmælisblús í lágum lofthita

LÍFSBARÁTTA LÓUNNAR

gydaloa@frettabladid.is
@gydaloa

**Sumarfríið** Þó að veðrið síðustu daga hafi minnt talsvert á haust er okkar kona alsæl og á leið í sumarfrí frá og með deginum í dag. Það er nú samt þannig þegar helgin brestur á að ekki er laust við að örlítið stress fari að gera vart við sig. Ég ætla nefnilega að gera svo ógeðslega margt á þessum fjórum vikum.

Til dæmis mastera trail-running, fara að klifra með vinkonu minni, elda mjög mikið af alls konar réttum sem þurfa að vera inn í ofni í marga klukkutíma til að öðlast bragðprófæl sem eldhúsguðinn Jamie Oliver gúdderar, taka til í fataskápnum, ferðast innanlands, blanda kokteila, drekka kokteila, halda upp á afmælið mitt, verða brún, hitta vini og vandamenn, hafa gaman, vera hress, lesa bækur, fara í Sorpu og ég veit ekki hvað og hvað.

Svo ætla ég líka að reyna að vinna í lottóinu og byrja að hugleiða.

**Barnlaus** Nú hafa flestir sjálfsagt orðið varir við að lofthitinn síðustu daga hefur kannski ekki verið neitt til þess að öskra þrefalt húrra fyrir en verandi barnlaus þá eru mér settar töluverðar skorður þar sem frí í leikskólum ber öll upp á sama tíma. Samstarfsfólk mitt á börn og vill vera sem mestum samvistum við þau verandi foreldrar þeirra og þá taka börnin og foreldrarnir frí á sama tíma. Eða foreldrarnir taka frí á þeim tíma sem börnin fá frí í leikskólanum.

Ég er samt ekkert voðalega örg yfir þessu – eða var það í það minnsta ekki þegar það var gott veður í marga daga hér í röð. Svo fór aðeins að hvessa, svo hvessti aðeins meira. Svo varð allt grátt.



En guð gaf mér jafnaðargeð þannig að ég ætla nú ekki að fara að velta mér of mikið upp úr þessu. Það þýðir ekki neitt og ég finn mér örugglega eitthvað til þess að gera, sama hvernig veðrið verður.

Ég ætla til dæmis að fara í roadtrip ásamt stórvinkonu minni. Við ætlum að fara til Hafnar í Hornafirði. Við áttum besta sumar lífs okkar fyrir tveimur sumrum þegar við fluttumst búferlum austur sumarlangt eftir að hafa útskrifast úr háskólanámi. Þannig að við förum þangað og ég er mjög spennt.

Annars verður það mitt fyrsta fríverk að taka herbergið mitt í gegn og þrífa einkabílinn. Kollegi minn hefur svoleiðis öskrað úr hlátri yfir því að þetta verði mitt fyrsta verk í fríinu og það er allt í lagi þó einhverjum finnist það eitthvað hallærislegt en þetta plan er svo heilagt að ég er meira að segja búin að skrifa það niður í dagbókina mína.

**Afmælissjomla** Ég á nefnilega afmæli á mánudaginn. Ég er ein af þessum týpum sem þykjast ekki vera afmælisbarn og þvertek fyrir að nokkur eigi að gera neitt fyrir mig. Svo er ég allan daginn alveg á nálum af því að ég býst við af svo miklu af fólkinu í kringum mig og hafandi þvertekið fyrir að nokkur bjóði mér upp á neitt verð ég náttúrulega alltaf fyrir töluverðum vonbrigðum. Talandi um að grafa sína eigin gröf. Ég sé náttúrulega alltaf fyrir mér að ég gangi fyrir horn og saman komnir séu allir sem mér þykir vænt um, hefur þótt vænt um og mun þykja vænt um að kyrja afmælissönginn. Það hefur aldrei gerst. Ég var meira að segja svo buguð í fyrra þegar ég átti afmæli að ég plataði allar stelpurnar með mér í konuferð til Parísar sem var reyndar fullkomin leið til þess að gera alls konar skemmtilegt þar sem við vorum allar saman í fríi alsælar.

Nú er ég auðvitað komin í mitt sumarfrí á afmælisdaginn. Það sem veldur mér samt örlitlum áhyggjum er það að það er auðvitað enginn sem ég þekki kominn í frí þannig að ég hef bara ekki neina hugmynd um hvernig ég á að eyða deginum og tek öllum ábendingum fagnandi.

Ég hef nefnilega nokkrum sinnum endað í tárum á afmælisdaginn eftir að hafa gengið fyrir horn og einungis tómt bílastæði tók á móti mér.

En ég er þá bara farin í fríið og ætla að blanda mér Aperol Spritz til þess að halda upp á það – þið vitið hvað þeir segja, it's five o'clock somewhere.

**Við sjáumst svo bara elgtönuð og sultuslök í júlí!**



Elma Stefanía Ágústsdóttir leikkona tekur þátt í söngleiknum Mamma Mia! þessa vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA K

# Hleypur í skarðið

**Elma Stefanía Ágústsdóttir hleypur í skarðið fyrir Þuríði Blæ sem er um þessar mundir stödd á leiklistarhátíðinni Kontakt í Póllandi. Elma fékk aðeins þrjár vikur í undirbúning fyrir hlutverk sitt og segir það hafa verið mikla áskorun.**

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



Elma fer með hlutverk Ali, vinkonu Sophie, forvitnu dótturinnar ungu sem leitar uppruna síns. Hún býður þremur gömlum kærustum móður sinnar í brúðkaup sitt í því skyni að komast að því hver þeirra sé faðir hennar. Sagan er afskaplega rómantísk og óhætt að segja að gleðin og hamingjan ráði ríkjum í gegnum sýninguna.

„Ástæða þess að ég hoppa inn í hlutverkið þessa helgi er að Þuríður Blær Jóhannsdóttir, sem leikur Ali, er að sýna leikritið Mávinn eftir Tsjekhov á Kontakt-leiklistarhátíðinni í Póllandi nú um helgina. Hátíðin er ein af virtustu leiklistarhátíðum í heimi og hefur verið starfrækt síðan 1991 í borginni Thorun," segir Elma.

> ÉG KEM TIL MEÐ AÐ LEIKA Í FJÓRUM SÝNINGUM, ÉG FÉKK LJÓSAR STRÍPUR Í HÁRIÐ OG FÓR Í BRÚNKUSPRAUTUN SVO ÉG ER MJÖG SÓLBRÚN OG SUMARLEG.

Eins og flestir vita er Mamma Mia! algjör gleðisprengja þar sem söngur, dans og gleði er allsráðandi í sýningunni.

„Ég kem til með að leika í fjórum sýningum og þurfti auðvitað að fá ljósar strípur í hárið og fór í brúnkusprey; orðin sólbrún og sumarleg," segir Elma hlæjandi og bætir við að hún fái aðstoð frá dansaranum og danshöfundinum Chantelle um helgina. Þar sem dansatriðin eru sum hver flókin skipta þær Chantelle dansatriðunum á milli sín.

Þó svo að Elma sé þaulvön að stíga á svið í hinum ýmsu hlutverkum er þetta í fyrsta skipti sem hún fer með hlutverk í söngleik.

„Vinkonutríóið tekur saman lagið Sæti, sæti, alveg frábært lag eins og reyndar öll lögin í sýningunni. Ég heillaðist strax af kvikmyndinni Mamma Mia! þegar hún kom út á sínum tíma og fannst hún alveg æðisleg. Það er ekki annað hægt en að fara í gott skap við að hlusta á þessi lög," segir Elma kát í bragði og bætir við að krakkarnir á heimili hennar séu með myndina í gangi allan daginn og elski hana.

Nóg er um að vera fram undan hjá Elmu. Leikárinu í Borgarleikhúsinu fer senn að ljúka en leikhúsið er byrjað að undirbúa sýningar næsta árs auk þess sem lokasýning Auglýsingar ársins eftir Tyrfing Tyrfingsson er nú á sunnudaginn en þar fer Elma með hlutverk dótturinnar.

„Það er alltaf svolítil spenna á vorin við að hefja undirbúning fyrir næsta vetur og ég er að sjálfsögðu spennt fyrir næsta leikári," segir Elma.



Elma Stefanía ásamt Chantelle, dansara og danshöfundi.

# Velkomin í fjörið á IKEA FESTIVAL

**Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna laugardag og sunnudag**

Við byrjum daginn á ókeypis brunch kl. 9:30 og verslunin opnar kl. 10

**Ókeypis grillaðar pylsur og gos kl. 13-17**

## Tilboð á kaffihúsinu

**295,-**

Marengstertusneið ~~495,-~~ eða nammitertusneið ~~395,-~~

## Tilboð á veitingastaðnum

Ókeypis máltíð af barnamatseðli fyrir börn, 12 ára og yngri

Ókeypis ís fyrir börnin kl. 13-17




**Sirkus Íslands sýnir kl. 11:30, 15 og 16:30**
Ókeypis aðgangur

**Hoppukastalar kl. 13-17**




**Leikhópurinn Lotta sýnir Litaland kl. 13**
Ókeypis aðgangur

**Ókeypis brunch kl. 9:30-11**

Ókeypis andlitsmálun fyrir börnin kl. 12-17

## Tilboð í snarlinu

**195,-**

Lítill shake ~~395,-~~

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

IKEA®

**Verslun opin 10-21 laugardag og sunnudag** - Veitingastaður opinn **9:30-20:30**

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# Stjörnuspá Siggu Kling



**Spáin gildir fyrir júní**

**Lengri útgáfa af stjörnuspá á visir.is/SiggaKling**

## Hrúturinn
**21. mars–19. apríl**

### Ert alveg ómissandi

Elsku Hrúturinn minn. Stundum finnst þér þú ekki nógu hamingjusamur. Þú vilt að allt gangi svo voða vel en svo kemur fyrir að þú dettur aðeins niður. Verandi stríðsmaðurinn mesti þá þolirðu ekkert sem heitir tap en athugaðu að það er ekkert til sem heitir tap. Hindranirnar sem eru settar fyrir þig eru áskoranir. Settar til þess að þú finnir aðra leið og skoðir nýja samninga. Þú ert svo ómissandi fyrir svo marga en sérð það bara verst sjálfur. Þetta er svo sannarlega tíminn til þess að gleðjast, en athugaðu það að ekkert sem er þess vert í lífinu er of auðvelt! Maður þarf að hafa fyrir hlutunum sem mann langar mest í!

## Nautið
**20. apríl–20. maí**

### Mikið daður í kortunum

Elsku Nautið mitt. Orkan í kringum þig minnir á Eyjafjallajökul. Hann stoppaði flugumferð í Evrópu og þinn sérstaki kraftur getur breytt ýmsu. Þú verður að fara vel með hversu ráðríkt þú getur verið og spila úr spilunum sem eru á hendi núna af varfærni svo þú fáir bestu útkomuna. Það er mikið daður í kortunum en passaðu þig, það getur verið stórhættulegt og flækt lífið. Það er mikilvægt að vera viss í ástinni. Þið sem eruð á föstu gefist yfirleitt aldrei upp. Þegar eitthvað bjátar á lagið þið hlutina. Þess vegna eru það Naut sem eiga í lengstu samböndunum af öllum stjörnumerkjunum. Sumarmottóið þitt er: Sól, sól skín á mig!

## Tvíburi
**21. maí–20. júní**

### Hefur réttu svörin

Elsku hjartans, skemmtilegi Tvíburinn minn. Þú ert stundum áhyggjufullur út af öllu en hafðu í huga að áhyggjurnar breyta ekki neinu. Láttu ekki háværar raddir og klingjandi bjöllur hafa áhrif á það sem þú ætlar að gera, þú hefur réttu svörin en þarft að fara af stað í lífinu ekki seinna en núna. Það verða ekki allir sammála því sem þú vilt gera, en það er það fallega við júní og júlí. Þetta er þinn tími. Í enda maí först þú að sjá hvernig þú getur gert lífið sterkara fyrir þig og margir Tvíburar fóru að velja sér þann farveg að byrja á einhverju nýju og öðruvísi. Mottóið þitt í sumar, elsku hjartans Tvíburinn minn, er Hakuna matata. Það er bara eitthvað svo mikið þú!

## Krabbinn
**21. júní–22. júlí**

### Mikil frjósemi

Elsku Krabbinn minn. Það er eins og lífið sé skrifað fyrir þig þessa dagana. Lífið er að gerast hratt og breytingarnar eru tíðar. Þetta tímabil endist út sumarið. Ekki reikna allt út, lífið er of stutt til þess, láttu það gerast! Stress og áhyggjur eru það eina sem geta hindrað þig í að vera sannur sigurvegari og sumarið færir þér hamingjuna. Þú berð í hjarta þér meiri tilfinningar en öll hin stjörnumerkin. Hleyptu þeim út í jákvæðni og kærleika! Það er mikil frjósemi í kringum þig á þessu ári og ef þú ert á réttum aldri og stað í lífinu þá gæti þetta endað með barnagaldri. Þetta á við þig sjálfan og líka fjölskylduna í kringum þig.

## Ljónið
**23. júlí–22. ágúst**

### Elskaðu skilyrðislaust

Elsku Ljónið mitt. Þér finnst þú umkringt vandamálum en það er ekki rétt. Það er að koma upp mikið af dulbúnum tækifærum sem þér finnst vera vandamál en þau munu vísa réttan veg. Þegar líða tekur á sumarið rekur þú upp þitt fallega ljónsöskur af því að þú veist þú ert sterkast á sléttunni! Ef þér líður illa er það vegna þess að þú ert að horfa of mikið inn í myrkrið. Þegar þú stendur upp þá sérðu að þú getur kveikt ljós og þá er ekkert myrkur, kveiktu fleiri ljós! Það verður mikil velgengni í kringum þig og hún laðast að þér. En velgengni er til einskis og leiðir til biturleika ef þú deilir henni ekki með öðrum. Mottó sumarsins er: Elskaðu skilyrðislaust!

## Meyjan
**23. ágúst–22. september**

### Mikilvægt að hafa jafnvægi

Elsku magnaða Meyjan mín. Þú ert að fara inn í tímabil þar sem ljósin kvikna og slokkna til skiptis. Þú þarft að setja þig betur í samband, fylgjast með og fá hjálp ef þú þarft hjálp. Þú tekur lífinu fagnandi og sérstaklega þegar stressið dansar í kringum þig. Það verður þér til góða að gera það. Hafðu það hugfast. Fjölskyldan þarf að sameinast og þú þarft að ná jafnvægi á milli vinnu, ástar og félagslífs. Það er svo mikilvægt að hafa jafnvægi. Vinið hefur drekkt fleirum en hafið sjálft og ef þú kannt ekki að synda þá skaltu ekki stinga þér. Þessi setning getur átt við um fólk í kringum þig eða ýmislegt sem þú ert að skoða hjá þér.

## Vogin
**23. september–22. október**

### Nóg af kertaljósum

Elsku Vogin mín. Það er engin ein leið réttari en önnur, haltu áfram á þinni braut og þú munt enda á þeim stað sem var markmið þitt að enda á. Ekki láta fortíðina kvelja þig, hún er búin. Sumir fara dofnir í gegnum lífið, ekki þú því þú veist að það er eitt líf og þú ætlar að nýta það! Þú ert svo ljúf en samt dásamlega frek og allir heillast af þér. Það verður mikið af ráðgjöfum og fólki sem vill hjálpa þér. Þú ert alltaf að spyrja og biðja um ráð, sem er nákvæmlega það sem þú þarft að gera. Enda Vog og vegur og metur alla möguleika! Hafðu nóg af kertaljósum í kringum þig og bjóddu ástinni upp á eitthvað dásamlegt og kósí. Þá gengur allt upp!

## Sporðdrekinn
**23. október–21. nóvember**

### Ekki vera að slúðra

Elsku Sporðdrekinn minn. Í gegnum tíðina hefur þú fengið tækifæri, vakið athygli, breytt lífi fólks og ert fullur af karakter. Þú verður að vita að framför er ómöguleg ef þú breytir ekki neinu. Minnkaðu egóið, talaðu fólkið í kringum þig upp því það er leiðin að sigrinum í júní. Ekki sóa þessari fínu orku sem þú hefur í áhyggjur. Þú þarft ekki að biðjast afsökunar á neinu. Stattu bara upp og knúsaðu. Sýndu fólki meiri virðingu og ekki slúðra. Þú ert með hjarta úr gulli og elskar með öllu gullhjartanu. Einbeittu þér líka að því að elska sjálfan þig aðeins meira. Ef þér mislíkar eitthvað segðu þá frá og notaðu tjáninguna, þá mun allt ganga vel.

## Bogmaðurinn
**22. nóvember–21. desember**

### Gerist á réttum tíma

Elsku Bogmaðurinn minn. Það eru að opnast nýjar dyr og að sjálfsögðu lokast aðrar á svipuðum tíma. Samt er allt sem er að gerast í þínum höndum. Engum öðrum að kenna og engum öðrum að þakka. Þú ert einstakur og gerir meira en þitt besta til að ná árangri á þínu sviði. Ekki gera allt núna því hlutirnir gerast á réttum tíma. Þú býrð yfir frama á mörgum sviðum, Konfúsíus sagði: „Ef þú eltir eina kanínu þá nærð þú henni. Ef þú eltir tvær kanínur þá nærð þú hvorugri.“ Mundu að það er ekki sjálfsagt að vera hamingjusamur, það er vinna og ef það er eitthvað sem þú kannt ekki ofboðslega vel við þá er það að vinna að markmiði þínu!

## Steingeitin
**22. desember–19. janúar**

### Lognið á undan storminum!

Elsku Steingeitin mín. Mikið ert þú búin að vera dugleg. Samt tekur enginn eftir því. En þér á bara að vera sama, þú veist hverju þú hefur afkastað svo klappaðu þér á bakið og vertu montin. Það er búið að vera logn í kringum þig og logn er oft undanfari stormsins. Stormurinn er að byrja og þú þarft að vera undirbúin. Í huga þínum þarft þú að vera búin undir allt. Búin undir hvað vinnuveitandinn segir, makinn, kennarinn og vinirnir. Þú þarft að vera tilbúin og róleg, eins og ekkert hafi í skorist. Það er eitthvað að gerast innra með þér og þú gerir miklar kröfur um hvernig þú lítur út og þú ert svo sannarlega að standast þær!

## Vatnsberinn
**20. janúar–18. febrúar**

### Dansaðu í rigningunni

Elsku Vatnsberinn minn. Þú skalt fara að dansa í rigningunni og elska vindinn. Þú ert listamaður og þarft að gera heimilið þitt að höll og vinnustaðinn þinn að skemmtistað. Ef einhver hefur skrifað ástarsögur þá er hann alveg pottþétt í Vatnsberanum. Því að rómantík, tilbreyting og nýjungar heilla þig. Þú hefur þetta allt innra með þér og gerðu meira úr því. Þú þrífst á áskorunum og hér eru skilaboð frá mér til þín: Vert þú þín eigin áskorun. Ekki láta aðra reka þig áfram í eitthvað sem þú hefur ekki neinn áhuga á. Ótrúlegasta fólk elskar að vera í návist þinni. Heillaðu þá sem þú vilt heilla og þá færðu það sem þú vilt fá!

## Fiskarnir
**19. febrúar–20. mars**

### Smjattaðu á því súra

Elsku Fiskurinn minn. Þú ert svo þægilegur, góður og hlýr. Þess vegna á fólk það til að fá þig til að gera ýmsa hluti fyrir sig. Taktu því fagnandi. Segðu við þig: Það er ástæða fyrir því að ég þarf að gera þetta. Það er að opnast fyrir mér nýr heimur þar sem draumar mínir rætast. Smjattaðu á því súra og smjattaðu á því sæta eða slepptu því að sleppa hinu beiska. Sætt, beiskt, súrt og sykur er eitthvað sem gerir hinn besta kokteil í matargerð og þannig ert þú líka! Fullur af hinum ýmsu og alls konar brögðum. Það er best! Þú þarft ekki að vara þig á neinu eða neinum nema sjálfum þér. Stattu með þér! Er það ekki lágmark? Mundu: Lífið er yndislegt.






# EM í Frakklandi

Það styttist í EM 2016 í Frakklandi, lokakeppnin hefst þann 10. júní og lýkur með úrslitaleik þann 10. júlí 2016.

Fréttablaðið verður með aukið pláss fyrir sportsíður þessa daga og glæsilega umfjöllun um leiki Íslands.

- Á fyrri opnunni verður fast pláss **2x10** á vinstri síðu og heilsíða hægri.
- Seinni opna **2x20** eða **5x10** á vinstri og heilsíða á hægri.

**Leikir Íslands**

| | |
|---|---|
| 14. júní | Ísland - Portúgal í Saint-Etienne |
| 18. júní | Ísland - Ungverjaland í Marseille |
| 22. júní | Ísland - Austurríki á Stade de France |

UEFA EURO2016 FRANCE




**Auglýsendum er bent á að hafa samband við söludeild og tryggja sér pláss í sportinu:**

| Gústaf Bjarnason | Hafsteinn Hafsteinsson | Sigfús Örn Einarsson | Örn Geirsson |
|---|---|---|---|
| 512 5452 | 512 5446 | 512 5464 | 512 5448 |
| gustaf@365.is | hafsteinn@365.is | sigfus@365.is | orn@365.is |

27. maí - 4. júní

# Vorsprengja Ellingsen

# 25% afsláttur

Veiðivörur / útileguvörur
reiðhjólavörur / útivistarfatnaður /
regnfatnaður / sportfatnaður / skófatnaður

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1-3
Sími 580 8550

**OPNUNARTÍMI**
Mán. - fös. 10-18
Lau. 10-16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA








Rappari á hestbaki. Arnar Freyr úr Úlfi Úlfi ríður um Breiðholtið.

# Óhefðbundin og eftirminnileg tónlistarmyndbönd

**Magnús Leifsson** hefur leikstýrt hverju verðlaunamyndbandinu á fætur öðru síðustu fjögur árin. Eftir hann liggja tónlistarmyndbönd fyrir marga allra vinsælustu tónlistarmenn og hljómsveitir landsins, eins og Of Monsters and Men, Emmsjé Gauta, Hjaltalín og Úlf Úlf.



Sena úr nýjasta myndbandi Retro Stefson þar sem Magnús leikur sér með liti og innrömmun.

Í dag kemur út nýtt myndband með Retro Stefson við lagið Skin. Myndbandinu er leikstýrt af Magnúsi Leifssyni en hann hefur verið að leikstýra mörgum af áhugaverðustu tónlistarmyndböndunum sem koma út um þessar mundir hér á landi. Þetta er í annað sinn sem hann leikstýrir myndbandi fyrir Retro Stefson en hann leikstýrði einnig myndbandinu við lagið Glow sem var valið myndband ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2012. Í þessu nýja myndbandi Retro Stefson eru þeir Haraldur Ari og Unnsteinn Manuel, liðsmenn hljómsveitarinnar, í aðalhlutverki og sjást meðal annars slæpast á götum Eyrarbakka.

„Strákana langaði til að taka upp myndband um tvo náunga sem stunda frekar frumstæða líkamsrækt í hverfinu sínu. Við fórum að skoða alls konar myndir frá jaðarsenum í smábæjum í Rússlandi og Englandi sem síðan leiddi okkur hingað heim á Eyrarbakka. Með tímanum þróaðist myndbandið síðan í vinalegri átt og varð meira að portretti af vinum að slæpast í smábæ. Það er alltaf gaman að vinna með Retro Stefson. Það er einhver ótrúlega góð orka í kringum bandið og síðan skemmir ekki fyrir að Unnsteinn og Haraldur Ari eru hálfgerðir svindlkarlar þegar kemur að því að vera sætir og sjarmerandi í myndavél,“ segir Magnús um tilkomu myndbandsins.

Magnús leikstýrði t.d. Brennum allt myndbandinu með Úlfi Úlfi þar sem Arnar Freyr ríður á hrossi um Breiðholtið, Reminiscence með Ólafi Arnalds og Alice Söru Ott þar sem Hafþór Júlíus Björnsson aflraunamaður leikur aðalhlutverkið og Strákunum með Emmsjé Gauta – allt myndbönd sem hafa vakið athygli fyrir líflegt og eftirminnilegt myndefni og óhefðbundna nálgun að tónlistarmyndbandaforminu. Í myndböndunum hans Magnúsar má oft finna skemmtilega innrömmuð skot þar sem hann leikur sér með form og liti, í mörgum myndböndunum hans er tónlistarmaðurinn settur í óvenjulegar stöður og leikið er með staðalímyndir sem fylgja sumum tónlistarstefnum – t.d. með því að setja rappara á hestbak. Magnús hefur verið tilnefndur til verðlauna fyrir mörg af myndböndunum sínum og vann meðal annars Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir myndbandið við lagið Tarantúlur með Úlfi Úlfi árið 2014.

„Ég vinn líka við að gera auglýsingar og ég er með nokkrar svoleiðis í bígerð í sumar auk þess sem ég var að klára handrit að stuttmynd sem ég vonast til þess að geta skotið á árinu. Svo geri ég örugglega fleiri tónlistarmyndbönd seinna í sumar,“ segir Magnús spurður að því hvað sé fram undan hjá honum.

**stefanthor@frettabladid.is**



**Magnús Leifsson, leikstjóri.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

**ÞAÐ ER ALLTAF GAMAN AÐ VINNA MEÐ RETRO STEFSON. ÞAÐ ER EINHVER ÓTRÚLEGA GÓÐ ORKA Í KRINGUM BANDIÐ OG SÍÐAN SKEMMIR EKKI FYRIR AÐ UNNSTEINN OG HARALDUR ARI ERU HÁLFGERÐIR SVINDLKARLAR ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ AÐ VERA SÆTIR OG SJARMERANDI Í MYNDAVÉL.**

## MYNDBÖND EFTIR MAGNÚS

**Emmsjé Gauti** – Strákarnir
**FM Belfast** – Brighter Days
**FM Belfast** – DeLorean
**Gísli Pálmi** – Sykur
**Hjaltalín** – Letter to [...]
**Hjaltalín** – Myself
**Milkywhale** – Goodbye
**Milkywhale** – Birds of Paradise
**Múm** – Candlestick
**Of Monsters and Men** – Wolves Without Teeth
**Ólafur Arnalds & Alice Sara Ott** – Reminiscence
**Ólafur Arnalds** – Old Skin
**Retro Stefson** – Glow
**Retro Stefson** – Skin
**Úlfur Úlfur** – Brennum allt (feat. Kött Grá Pje)
**Úlfur Úlfur** – Tarantúlur
**Young Karin** – Sirens

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Kjóll,
5755,–
Love your Summer
LINDEX
we make fashion feel good

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Maríu Bjarnadóttur




## Loftvarnarbyrgið undir leikvellinum

Barry var 7 ára og bróðir hans 5 þegar þeir stigu úr lestinni frá London og upp í strætó í Brighton ásamt hinum börnunum. Svo var keyrt á milli húsa og börnin skilin eftir þar sem fólk var til í að taka við þeim. Bræðurnir voru heppnir og fengu að vera hjá sömu fjölskyldu. Daginn eftir byrjuðu þeir í nýjum skóla og nokkrum vikum síðar fengu þeir bréf frá foreldrum sínum um að þegar stríðinu lyki kæmu þeir aftur heim, þeir ættu að haga sér vel og að mamma og pabbi elskuðu þá.

Á meðan við biðum eftir að komast í skoðunarferð um loftvarnarbyrgið undir leikvellinum við skóla sonar míns um daginn, sýndi Barry okkur tösku eins og hann og hin börnin voru send með að heiman árið 1941. Innihaldið var nánast það sama og foreldri í skólanum óskaði eftir að sett væri í bakpoka sem hún tók við og keyrði til flóttabarna í Calais í vetur, nema að nú eru fötin úr flís en ekki bómull.

Ofan í byrginu eru myndir frá stríðsárunum af krökkum á skólaleikvellinum með gasgrímurnar hangandi utan á sér. Í dag sparkar sonur minn bolta á sama stað. Hinum megin við Ermarsundið eru jafnaldrar hans á flótta að drukkna og týnast. Það er áætlað að 10 þúsund börn hafi týnst á flótta í Evrópu á síðasta ári. Fyrir 75 árum var Barry einn af 3 milljónum barna sem voru flutt til í skjól innan Bretlands á 4 árum.

Hörmungar hafa dunið yfir heiminn áður. Samt höfum við ekki lært meira af sögunni en svo að við sendum flóttabörn nútímans til að banka upp á í Tyrklandi – vitandi að þar kemur enginn til dyra.


Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Endalaust 365

NET 1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is

Serta

LOSAÐU ÞIG VIÐ SVEFNVANDAMÁLIN Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL



Serta perfect sleeper

Official Mattress National Sleep Foundation sleepfoundation.org

HEILSUDÝNA HÖNNUÐ Í SAMVINNU VIÐ *AMERICAN SLEEP FOUNDATION* TIL AÐ LEYSA 5 ALGENGUSTU SVEFNVANDAMÁLIN

KEMUR Í VEG FYRIR MYNDUN ÞRÝSTIPUNKTA
Comfort Right® Layers

CARBON STEEL POKAGORMAKERFI
Custom Support® System

HELDUR JÖFNU OG RÉTTU SVEFNHITASTIGI
Cool Balance® Technology

HINDRAR ÓÞARFA HREYFINGU MILLI REKKJUNAUTA
TrueSense® Design

STEYPTAR HLIÐARSTYRKINGAR
Comfort Last® Construction





SERTA-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK